

2.4 Fornöfn

2.4.0 Flokkar fornafna og almenn einkenni þeirra

Svokölluð fornöfn skiptast í nokkra flokka sem eru býsna ólíkir innbyrðis. Íslensk fornöfn eiga það þó sameiginlegt að vera fallorð. Í því felst, eins og áður er nefnt, að þau beygjast í **föllum** og **tölum**, þótt reyndar séu til óbeygjanleg fornöfn. Flest fornöfn taka líka **kynbeygingu**, en annars er beyging fornafna oft mjög óregluleg.

Íslendingar eru frægir fyrir nýyrðasmíð, eins og kunnugt er. En væri íslenskur málnotandi beðinn um að nefna nokkur nýyrði er nokkuð öruggt að hann myndi nefna einhver ný nafnorð, sagnir eða kannski lýsingarorð. En hann myndi ekki nefna ný fornöfn, enda smíða orðanefndir ekki ný fornöfn og þau spretta ekki heldur sjálf í almennri málnotkun eins og ýmis nýyrði, t.d. slanguryrði ýmiss konar. Ástæðan er sú að flokkur fornafna er **lokaður flokkur**. Það er ekki hægt að bæta nýjum orðum í hann án þess að málkerfið raskist. Flokkar sagnorða, nafnorða og lýsingarorða eru aftur á móti **opnir flokkar**. Í opna flokka má bæta orðum að vild og orð geta líka týnst úr þeim eða fallið í gleymsku án þess að það valdi nokkurri röskun á málkerfinu.

Vegna þess að fornöfn eru lokaður flokkur er hægt að telja upp öll fornöfn. (Þetta er þó ekki alveg skýrt að því er varðar svokölluð **óákveðin fornöfn** þar sem mörk þeirra og lýsingarorða eru ekki alltaf glögg eins og vikið verður að síðar.) Í íslensku er venjulega gert ráð fyrir eftirtöldum flokkum fornafna:

- (2-95) a. **persónufornöfn**: *ég/þú/hann; vér, þér* (sjá líka afturbeygða fornafnið *sig*)
 b. **afturbeygð fornöfn**: *sig* (afturbeygt persónufornafn), *sinn* (afturbeygt eignarfornafn), *sjálfan sig* (samsett afturbeygt fornafn)
 c. **spurnarfornöfn**: *hver, hvor, hvaða, (?)hvílíkur*
 d. **eignarfornöfn**: *minn, þinn* (sjá líka afturbeygða eignarfornafnið *sinn*)
 e. **ábendingarfornöfn**: *sá, þessi, hinn*
 f. **óákveðin fornöfn**: *allur, annar, báðir, einhver, einn, enginn, fáeinir, hver, hvor, hvor tveggja, hvorugur, neinn, nokkur, sérhver, sumur, ýmis*
- g. **tilvísunarforöfn**: Í íslensku nútímamáli eru yfirleitt ekki notuð tilvísunarforöfn heldur tilvísunartengingarnar *sem* og *er*. Í sérstökum ritmálsstíl eru þó stundum notuð tilvísunarforöfn sem samsvara spurnarfornöfnum að útliti og beygingu, t.d. *hver*. Þetta var þó einkum tíðkað í eldra ritmáli (sbr. undirkafla 2.4.7 hér á eftir).

Erfitt er að benda á setningarleg einkenni sem öll þessi fornöfn eiga sameiginleg. Mörg þeirra **gegna þó oftast hlutverki nafnliða** í setningum, þ.e. hafa svipaða stöðu og nafnorð (með eða án fylgiorda). Þetta á t.d. við um **persónufornöfn**, **afturbeygð fornöfn** og **spurnarfornöfn** (svo og tilvísunarforafnið *hver* ef því er að skipta). Þetta má sjá í (2-96):

- (2-96) a. **Hann** sást vel. (pfn., sbr. Rauði bíllinn sást vel.)
 b. María bað mig að tala við **sig**. (afn., sbr. María bað mig að tala við gömlu)

- konuna.)
- c. **Hver** á þetta? (spfn., sbr. Strákurinn á þetta.)
- d. (Þetta eru börnin til **hverra** bréfið var sent. (tfn., sbr. Bréfið var sent til barnanna.))

Önnur standa fremur sem hliðstæð ákvæðisorð með nafnorðum, líkt og hliðstæð lýsingarorð. Þannig er t.d. oft um **eignarfornöfn**, **ábendingarfornöfn** og **óákveðin fornöfn** og reyndar líka (óbeygjanlega) spurnarfornafnið *hvaða*. H liðstæð (beygjanleg) fornöfn laga sig að jafnaði í kyni tölu og falli að því nafnorði sem þau eiga við. Þetta má sjá í eftirfarandi dæmum

- (2-97) a. **Minn**(kk.et.nf.) bíll(kk.et.nf.) sást vel. — **Mínir**(kk.ft.nf.) bílar(kk.ft.nf.) sáust vel.
- b. María talaði við **þessa**(kvk.et.þf.) konu.
- c. — María talaði við **þennan**(kk.et.þf.) mann(kk.et.þf.).
- d. **Einhver**(kk.et.nf.) strákur(kk.et.nf.) á þetta.
- e. — **Eitthvert**(hk.et.nf.) barn(hk.et.nf.) á þetta.
- f. **Hvaða** strákur á þetta? — **Hvaða** barn á þetta?

Þótt eignarfornafnið *minn* sé haft á undan nafnorðinu *bíll* í (2-97a) er staða eignarfornafna þó á eftir nafnorðinu sem þau eiga við í sjálfgefinni orðaröð í íslensku og þá er oftast greinir á nafnorðinu:

- (2-98) Bíllinn **minn** sást vel.

Við skoðum þetta nánar í undirkaflanum um eignarfornöfn hér á eftir (2.4.4).

Eins og við munum sjá síðar geta eignarfornöfn, ábendingarfornöfn og óákveðin fornöfn líka staðið ein og óstudd, þ.e. sérstæð, og sum þeirra hafa (eða hafa a.m.k. haft) svolítið mismunandi beygingu eftir því hvort þau eru hliðstæð eða sérstæð (sbr. *Ég sá eitthvert barn* og *Ég sá eitthvað*).

Ef mörgum hliðstæðum ákvæðisorðum er raðað saman með sama nafnorðinu, gilda ákveðnar reglur um innbyrðis röð þeirra. Við komum nánar að því hér á eftir en hér verður sýnt eitt dæmi til glöggvunar:

- (2-99) Allir(ófn.) þessir(áfn.) rauðu(lo.) bílar þínir(efn.) eru bilaðir.

Við skulum nú snúa okkur að einstökum undirflokkum fornafna og helstu setningarlegu séreinkennum þeirra.

2.4.1 Persónufornöfn

Persónufornöfn voru talin svo hér á undan:

- (2-100) *ég/þú/hann; vér, þér* (sjá líka afturbeygða fornafnið *sig*)

Beyging persónufornafna er nokkuð sérstök. Í fyrsta lagi beygjast þau í föllum og tölum eins og önnur fallorð. Í öðru lagi eru til sérstakar myndir fyrir þrjár mismunandi persónur og persónubeygðar sagnir laga sig að þessum fornöfnum eins og við höfum séð. Þess vegna má segja að persónufornöfn beygist líka í persónu og er *ég* þá nf.et. fyrir fyrstu persónu og *þú* nf.et.

fyrir aðra persónu. Þegar kemur að þriðju persónu kemur svo kynbeyging til sögunnar þannig að *hann* er nf.et.kk., *hún* nf.et.kvk. og *það* er nf.et.hk., eins og kunnugt er. Loks eru *vér* og *þér* notuð í hátíðlegu máli, en þau eru í raun hinar upphaflegu fleirtölumyndir fyrstu og annarrar persónu (*við* og *þið* voru svokölluð **tvítala** (e. *dual*), notuð um tvo en ekki fleiri). Loks er hér minnt á afturbeygða fornafnið *sig*, en það hefur svipaða stöðu í setningum og persónufornöfn en lýtur sérstökum reglum og er oftast talið tilheyrja sérstökum undirflokki fornafna. Að þessum sérstöku fornöfnum slepptum (*vér*, *þér*, *sig*) mætti setja beygingardæmi íslenskra persónufornafna upp á þessa leið:

(2-101)					3.pers.	
		1.pers.	2.pers.	kk.	kvk.	hk.
	nf.et.	ég	þú	hann	hún	það
	þf. -	mig	þig	hann	hana	það
	þgf. -	mér	þér	honum	henni	því
	ef. -	mín	þín	hans	hennar	þess
	nf.ft.	við	þið	þeir	þær	þau
	þf. -	okkur	ykkur	þá	þær	þau
	þgf. -	okkur	ykkur	þeim	þeim	þeim
	ef. -	okkar	ykkar	þeirra	þeirra	þeirra

Eins og hér sést er beyging persónufornafna býsna óregluleg og ekki auðvelt að greina á milli stofns og beygingarendingar eins og við höfum gert í undanfarandi köflum. Ekki er ástæða til að fara nánar út í þessa beygingu hér en það getgur verið gott að hafa þessa upprifjun til hliðsjónar hér á eftir.

Áður en lengra er haldið er vert að líta aðeins á þátt persónufornafna í beygingarsamræmi. Eins og við höfum séð tekur fornafn fyrstu persónu sem gegnir hlutverki frumlags (í nefnifalli) með sér fyrstu persónu af sögn, fornafn annarrar persónu tekur með sér aðra persónu af sögn og fornöfn þriðju persónu taka með sér þriðju persónu af sögn. Talan á sögninni fer líka eftir tölunni á fornafninu. Á líkan hátt lagar lýsingarorð í stöðu sagnfyllingar sig að tölu fornafns sem gegnir hlutverki frumlags. Ef um er að ræða fornafn þriðju persónu lagar sagnfyllingin sig líka að því í kyni. Þetta skýrist best með dæmum:

- (2-102) a. Hann(kk.et.nf.) er(3.p.et.) skemmtilegur(kk.et.nf.).
 b. Það(hk.et.nf.) er(3.p.et.) skemmtilegt(hk.et.nf.).
 c. Þær(kvk.ft.nf.) eru(3.p.ft.) skemmtilegar(kvk.ft.nf.).

Eins og fram kemur í (2-101) beygjast fornöfn fyrstu og annarrar persónu ekki í kynjum. Sagnfyllingar í setningum sem hafa þessi fornöfn sem frumlög laga sig að kyni þeirrar persónu (eða þeirra persóna) sem fornöfnin vísa til hverju sinni. Lítum á dæmi:

- (2-103) a. Ég(et.nf.) er(1.p.et.) þreyttur(kk.et.nf.)/þreytt(kvk.et.nf.).
 b. Þið(ft.nf.) eruð(2.p.ft.)
 þreyttir(kk.ft.nf.)/þreyttar(kvk.ft.nf.)/þreytt(hk.ft.nf.).

Hér gefa fornöfnin aðeins upplýsingar um fallið og töluna en ekki kynið. Það fer eftir því hver talar (sbr. (2-103a)) eða við hverj/n/hverja er talað (sbr. (2-103b)). Hér virðist hátíðlega fornafnið

þér hegða sér á nokkuð sérstakan hátt:

(2-104) Þér megið(2.p.ft.) ekki vara svona reiður(kk.et.nf.).

Að uppruna og formi er *þér* fleirtöluform og það kallar ótvírætt á fleirtöluform (annarrar persónu) af sögninni (sbr. *eruð* — alls ótækt væri að segja **Þér mátt...*). Hins vegar virðist eðlilegt að nota eintöluform af sagnfyllingunni ef átt er við einn einstakling — og í dæminu hér á undan var gert ráð fyrir að hann væri karlkyns. Hér kunna þó að vera uppi mismunandi málvenjur — eða hafa verið uppi, en notkun þessa forms (svokallaðar **þéringar**) er nú mjög á undanhaldi eins og kunnugt er.

Hin hefðbundna skilgreining á **fornöfnum** er sú að þau standi í stað nafnorða eða nafna og heiti orðflokksins sé dregið af því (lat. *pronomen*, e. *pronoun*, ísl. *for-nafn*). Stundum er meira að segja sagt að fornöfnin séu notuð til að „forðast endurtekningu“. Þótt þetta sé nú heldur ónákvæm skilgreining á fornöfnum, má segja að hún eigi við um persónufornöfn í sumum tilvikum. Það má nefnilega finna dæmi þar sem eðlilegt er að nota fornafn en ótækt að nota nafnorð, t.d. sérnafn. Það er þó háð því að nafnorðið og fornafnið hafi sömu **tilvísun** (e. *reference*), þ.e. eigi við sama einstakling eða einstaklinga. Sameiginleg tilvísun, eða **samvísun** (e. *coreference*), er gjarna sýnd með sams konar **vísnum** (e. *indices*) sem eru niðurskrifaðir við þau orð sem í hlut eiga. Þetta skýrist ef við lítum á dæmi, en setningarnar hér á eftir eiga að sýna að ótækt væri að endurtaka nafnið með sömu tilvísun en samvísandi persónufornafn væri eðlilegt:

(2-105) a. *María_i heyrði ekki þegar ég kallaði í Maríu_i.
b. María_i heyrði ekki þegar ég kallaði í **hana**_i.

Í dæmum eins og (2-105b) má segja að persónufornafnið standi „í stað nafnorðs“ og beri því nafn með rentu. Hins vegar gilda býsna fastar reglur um tilvísun fornafna, t.d. hvenær þau geta komið „í stað“ nafnorðs á þennan hátt. Í (2-106) gengur það t.d. alls ekki:

(2-106) a. *María_i greiddi Maríu_i.
b. *María_i greiddi **henni**_i.

Hér er vert að ítreka að vísarnir (þessi litlu niðurskrifuðu _i) sýna að átt er við setningar þar sem *María* og *María* væru samvísandi eða þar sem *María* og *henni* væru samvísandi. Hvorugt gengur í (2-106). Hins vegar sjá glöggir lesendur væntanlega að hér væri eðlilegt að hafa afturbeygða fornafnið *sér* ef það væri samvísandi við *Maríu*, en við geymum okkur nánari umræðu um afturbeygd fornöfn þar til í kafla 2.4.2. Dæmi á borð við (2-106b) væri líka í lagi ef *henni* hefði aðra tilvísun en *María*, þ.e. ef átt væri við einhverja aðra persónu (og reyndar væri (2-106a) í lagi ef um tvær Maríur væri að ræða, þ.e. ef nöfnin vísuðu ekki til sama einstaklings, væru ekki samvísandi). Fjallað verður ítarlega um setningarlegar reglur um notkun fornafna og tilvísun í 13. kafla og um notkun fornafna í texta í kafla 12.3.2.

Nú er það reyndar ekki svo að persónufornafn standi alltaf einhvers staðar nærri nafnorði, sé samvísandi við það og notað til þess að „forðast endurtekningu“. Persónufornöfn má nefnilega nota þegar ytri aðstæður leyfa án þess að sá einstaklingur eða hlutur sem þau vísa til hafi beinlínis verið nefndur. Hugsum okkur t.d. eftirfarandi aðstæður:

(2-107) [Áhyggjufullir foreldrar fylgjast með lítilli dóttur sinni í vöggum og hún grætur hástöfum.]

Faðirinn: Hvað ætli sé að **henni**?

Hér er ljóst af aðstæðum að *henni* vísar til dótturinnar og það er alveg eðlileg notkun jafnvel þótt dóttirin hafi ekki verið nefnd á nafn fyrir. Þessi tegund vísunar hefur verið nefnd **bendivísun** á íslensku (e. *deictic reference*) en þegar vísað er til einhvers sem hefur verið nefnt áður er talað um **edurvísun** (e. *anaphoric reference*). Nánar er fjallað um ólíkar tegundir vísunar í kafla 13.1.

Í öllum þeim dæmum sem nú hafa verið tekið um persónufornöfn hafa fornöfnin verið sérstæð og hafa þannig gegnt hlutverki nafnliðar ein síns liðs eða mynda kjarna (höfuð) hans. Að því leyti svipar þeim til nafnorða. Þau taka hins vegar ekki með sér ákvæðisorð eins og nafnorð gera og ekki heldur greini — það er allsendis ótækt að segja **lítill hann* (sbr. *lítill bíll*) eða **húnin* (sbr. *nálin*). (Hér er ekki átt við þá málnotkun þegar verið er að tala um mál eða orð og sagt t.d. *Fyrsta þaðið í setningunni er óþarft*. Í slíkum tilvikum gegnir orðið *það* ekki lengur hlutverki fornafns heldur er það orðið að nokkurs konar heiti, þ.e. nafnorði, og getur því bætt við sig greini. Þannig má fara með öll orð og slík málnotkun er stundum kölluð *metalanguage* á útlensku.) Ólíkt nafnorðum (og ýmsum sérstæðum fornöfnum (sjá síðar)) geta persónufornöfn ekki heldur tekið með sér eignarfallseinkunn af neinu tagi: **hann drengsins* (sbr. *bíll drengsins*), **hún þeirra* (þegar sagt er *þær ykkar* er *þær* ekki fleirtala persónufornafnsins *hún* heldur fleirtala ábendingarfornafnsins *sú* og það fornafn getur tekið með sér eignarfall, sbr. síðar).

Við látum þetta duga um setningarleg einkenni persónufornafna og snúum okkur næst að afturbeygðum fornöfnum.

2.4.2 Afturbeygð fornöfn

Nafngiftin **afturbeygt fornafn** má virðast nokkuð sérkennileg og torskilin. Nafnið er tilraun til að þýða erlent málfræðiheiti (sbr. lat. *pronomem reflexivum*, e. *reflexive pronoun*). Grunnmerking hins erlenda málfræðiheitis á líklega rót sína að rekja til þess að þessi fornöfn eru ekki síst notuð til að láta í ljós að sá verknaður sem aðalsögnin greinir frá beinist að frumlaginu sjálfu, þ.e. er sjálfhverfur eða „reflexífur“ [§§ath. hvað þetta er kallað í rökfræði]. Þetta skýrist af dæmum:

- (2-108) a. María greiddi henni.
b. María greiddi sér.

Hér lætur setning (2-108b) í ljós að gerandi og þolandi verknaðarins sem í sögninni felst hafi verið sá sami, en eins og áður er bent á geta setningar á borð við (2-108a) ekki merkt það (sjá umræðu í kringum dæmi (2-106) hér á undan). Það eru merkingartengsl af þessu tagi sem áður nefnd erlend málfræðiheiti vísa til og þau hafa ekkert með beygingu að gera en þannig er þó auðvelt að misskilja heitið **afturbeygt fornafn**.

Hér á undan voru afturbeygð fornöfn talin upp á þessa leið:

- (2-109) *sig* (afturbeygt persónufornafn), *sinn* (afturbeygt eignarfornafn), *sjálfan sig* (samsett afturbeygt fornafn)

Í íslenskum málfræðibókum er afturbeygða fornafnið oft aðeins talið eitt, þ.e. *sig*. Það er þó auðvelt að sýna fram á að þær reglur sem gilda um tilvísun *sig* og greina það frá persónufornöfnum (sbr. það sem dregið var á í kafla 2.4.1, sjá líka kafla 13 hér á eftir) eiga líka í aðalatriðum við fornafnið *sinn*. Munurinn er sá að *sig* hefur svipaða stöðu í setningum og

persónufornöfn og er sérstætt en *sinn* hefur sama hlutverk og eignarfornöfnin *minn*, *þinn* og er því oftast hliðstætt eins og þau. Þess vegna mætti í sjálfu sér kalla *sig* afturbeygt persónufornafn og *sinn* afturbeygt eignarfornafn (sbr. upptalningar á fornöfnum af þeim flokkum hér).

Fornafnasambandið *sjálfan sig* er yfirleitt ekki talið með afturbeygðum fornöfnum í íslensku. Þær reglur sem gilda um tilvísun þessa fornafnasambands sverja sig þó í ætt við þær reglur sem gilda um afturbeygð fornöfn en notkunarviðið er að sumu leyti takmarkaðra en notkunarvið einföldu afturbeygðu fornafnanna *sig* og *sinn*, eins og við munum sjá.

Beyging afturbeygða fornafnsins *sig* er sýnd á hefðbundinn hátt í (2-110):

(2-110)

nf.et./ft.	–
þf. -	sig
þgf. -	sér
ef. -	sín

Þessu er annars vegar ætlað að sýna að ekkert nefnifallsform samsvarar *sig* og auk þess eru sömu formin notuð hvort sem frumlagið er í eintölu eða fleirtölu. Kyn frumlagsins skiptir ekki heldur máli. Þetta er skýrt með dæmum í (2-111):

(2-111) a. Strákurinn(kk.)/stelpan(kv.)/barnið(hk.) klæddi **sig**/greiddi **sér**/skammaðist **sín**.
b. Strákarnir/stelpurnar/börnin klæddu **sig**/greiddu **sér**/skömmuðust **sín**.

Þá er vert að minna á að *sig* er aðeins notað til að vísa til þriðju persónu og ekkert sérstakt afturbeygt form samsvarar því til að vísa til fyrstu eða annarrar persónu.

Eins og sjá má minnir beyging fornafnsins *sig* mjög á beygingu fornafna fyrstu og annarrar persónu í aukaföllum (sbr. *mig*, *mér*, *mín*; *þig*, *þér*, *þín*) og ekki er hægt að greina beygingarendingar frá stofni í þessu fornafni fremur en þeim. Beyging afturbeygða eignarfornafnsins er hins vegar reglulegri eins og sjá má og þar má greina endingar nokkuð auðveldlega frá stofni líkt og í beygingu lýsingarorða (hér er ekki ástæða til að hafa áhyggjur af tiltölulega reglulegum tilbrigðum í stofni og endingum):

(2-110)	kk.	kvk.	hk.
nf.et.	sin-n	sín	sit-t
þf. -	sin-n	sín-a	sit-t
þgf. -	sín-um	sin-ni	sín-u
ef. -	sín-s	sin-nar	sín-s
nf.ft.	sín-ir	sín-ar	sín
þf. -	sín-a	sín-ar	sín
þgf. -	sín-um	sín-um	sín-um
ef. -	sin-na	sin-na	sin-na

Afturbeygða eignarfornafnið *sinn* er aðeins notað ef „eigandinn“ er þriðja persóna (annars eru notuð eignarfornöfnin *minn* og *þinn*, sbr. 2.4.4 hér á eftir). Fornafnið er oftast hliðstætt, þ.e. stendur með nafnorði, og lagar sig í kyni, tölu og falli að nafnorðinu sem það stendur með. Þetta skýrist af dæmi:

(2-111) a. Hún henti pennanum(kk.et.þgf.) **sínum**(kk.et.þgf.)/bókinni(kv. et.þgf.) **sinni**(kv. et.þgf.)/blaðinu(hk.et.þgf.) **sínu**(hk.et.þgf.).

- b. Hann seldi skóna(kk.ft.þf.) **sína**/skyrturnar(kvk.ft.þf.)
sínar/bindin(hk.ft.þf.) **sín**(hk.ft.þf.).

Eins og hér sést fer afturbeygða eignarfornafnið *sinn* gjarna á eftir orðinu sem það stendur með. Það getur þó líka staðið á undan því. Um slík atriði gilda sömu reglur um *sinn* og eignarfornöfnin *minn* og *þinn* og vísast í umræðu um þau í kafla 2.4.4 hér á eftir. Hér verður hins vegar litið nánar á atriði sem varða tilvísun *sinn* og skipa því í flokk með afturbeygða fornafninu *sig*.

Þær sérstöku reglur sem gilda um tilvísun afturbeygðra fornafna sjást best með samanburði við persónufornöfn. Lítum fyrst á dæmin í (2-112) (vísar merkja það sama og í undanfarandi undirkafla og stjarna á undan tilteknu fornafni merkir að það gangi ekki í viðkomandi samhengi og aukasetningar eru afmarkaðar með hornklofum):

- (2-112) a. María_i klæddi *hana_i / sig_i .
b. María_i heyrði ekki [þegar ég kallaði í hana_i / *sig_i]

Það sem þessi dæmi sýna er það að ekki er hægt að nota venjulegt persónufornafn í einfaldri setningu ef það er samvísandi við frumlag setningarinnar en í slíku samhengi er eðlilegt að nota afturbeygt fornafn (sbr. (2-112a)). Það orð sem fornafn er samvísandi við er gjarna kallað **undanfari** (e. *antecedent*) fornafnins. Í (2-112a) er undanfarinn frumlag í sömu, einföldu setningunni og fornafnið er í og í slíku samhengi gengur sem sé ekki að hafa venjulegt persónufornafn ef völ er á afturbeygðu fornafni, eins og í þriðju persónu. (Í fyrstu og annarri persónu er ekki völ á neinum afturbeygðum fornöfnum af þessu tagi og því gengur vandræðalaust að segja *Ég klæddi mig*, *Þú klæddir þig* þar sem andlögin eru persónufornöfn og samvísandi við frumlögin.) Í (2-112b) eru fornöfnin aftur á móti í aukasetningu (tíðarsetningu sem hefst á tíðartengingunni *þegar*, sbr. kafla 7.4 hér á eftir) og undanfarinn, *María*, er utan þeirrar aukasetningar. Í slíku samhengi snýst dæmið við og samvísandi persónufornafn er eðlilegt en afturbeygt fornafn ekki. Þetta er mikilvægt einkenni afturbeygðs fornafn, en reyndar skiptir máli hvers kyns aukasetningin er eins og við munum sjá hér á eftir.

Um afturbeygða eignarfornafnið *sinn* gilda samsvarandi reglur eins og sjá má í (2-113):

- (2-113) a. María_i klæddi dúkkuna *hennar_i / sína_i .
b. María_i heyrði ekki [þegar ég hringdi í símann hennar_i / *sinn_i]

Hér er nauðsynlegt að nota afturbeygða eignarfornafnið *sinn* þegar undanfarinn (þ.e. *María*) er frumlag í sömu setningu og fornafnið er í (sbr. (2-113a)) og ótækt að nota eignarfall persónufornafns (eins og rökstutt verður í kafla 2.4.4 er *hennar* ekki eignarfornafn heldur eignarfall persónufornafns, en eignarfall getur einmitt oft táknað eiganda eins og nafnið bendir til (sbr. *dúkka Sigríðar* (ef.)). Aftur snýst dæmið við þegar fornafnið er í aukasetningu og undanfarinn utan þeirrar setningar eins og í (2-113b). Þetta er augljóslega alveg hliðstætt við dæmin í (2-112).

Þótt ekki hafi verið hægt að láta afturbeygðu fornöfnin *sig* og *sinn* „vísa út úr“ aukasetningu og til undanfara utan hennar í dæmum (2-112) og (2-113) eru þó til aukasetningar sem leyfa slíkt. Um það verður fjallað í nokkrum smáatriðum í 13. kafla en þetta á einkum við um svokallaðar **skýringarsetningar** (þ.e. **fallsetningar** sem hefjast á **skýringartengingunni** *að*, sbr. t.d. umræðu í köflum 2.9, 7.2 o.v. hér á eftir) þar sem persónubeygða sögnin er í viðtengingarhætti. Skýringardæmi eru sýnd í (2-114) og aukasetningin er afmörkuð með

hornklofum eins og áður:

- (2-114) a. Ólafur_i segir [að þú hafir(vh.) svikið **sig**_i]
 b. Kolfinna_i taldi [að ég hefði(vh.) stolið sænginni **sinni**_i]

Flestum þykja þessi dæmi miklu eðlilegri en dæmi þar sem framsöguháttur er í skýringarsetningunni þótt reyndar muni vera til málfarar sem setta sig við dæmi á borð við þessi (merkið ?* er þá miðað við máltilfinningu höfundar og annarra sem meta þessar setningar á sama hátt):

- (2-115) a. ?*Ólafur_i veit [að þú hefur(fh.) svikið **sig**_i]
 b. ?*Kolfinna_i sá [að ég hafði(fh.) stolið sænginni **sinni**_i]

Ef við snúum okkur næst að samsetta afturbeygða fornafninu *sjálfan sig* er þess fyrst að geta að fyrri liður þess beygist í kyni og tölu og lagar sig þá eftir undanfaranum. Beygingin minnir á beygingu lýsingarorða, en annars hefur flokkun orðsins *sjálfur* út af fyrir sig vafist fyrir mönnum (sjá umræðu um óákveðin fornöfn í kafla 2.4.6 hér á eftir). Að því er hin setningarlegu einkenni þessa fornafnasambands varðar má fyrst benda á það sem það á sameiginlegt með einföldu afturbeygðu fornöfnunum. Í fyrsta lagi má nefna að öll afturbeygðu fornöfnin eru ólík persónufornöfum að því leyti að þau þurfa öll að hafa mállegan undanfara. Ytri aðstæður duga sem sé ekki til þess að unnt sé að nota afturbeygd fornöfn. Hugsum okkur t.d. sömu aðstæður og var lýst áður í (2-107) og prófum að nota eitthvert af afturbeygðu fornöfnunum þar í stað persónufornafns (stjörnur tákna það sama og áður):

- (2-116) [Áhyggjufullir foreldrar fylgjast með lítilli dóttur sinni í vöggu og hún grætur hástöfum.]
 Faðirinn: a. Hvað ætli sé að henni / ***sér** / ***sjálfri sér**?
 b. Hvar ætli dúkkan hennar / ***sín** sé?

Þetta er eitt megineinkenni afturbeygðra fornafna í öllum tungumálum — þau geta sem sé ekki haft bendivísun.

Ef við lítum svo á það sem greinir samsetta afturbeygða fornafnið frá einfalda forminu *sig*, má segja að munurinn sé einkum tvenns konar. Í fyrsta lagi fer það að nokkru leyti eftir aðalsögninni í einföldum setningum hvort þar er eðlilegra að nota einfalda eða samsetta afturbeygða fornafnið þegar um er að ræða samvísun við frumlag setningarinnar. Þetta má sýna með dæmum (vísar og stjörnur tákna það sama og áður):

- (2-117) a. Helgi_i mismælti sig_i / *sjálfan sig_i .
 b. Helgi_i talar oft við *sig_i / sjálfan sig_i .

Meginreglan virðist vera sú að þegar um er að ræða sagnir sem eru „skyldubundið afturbeygðar“ eins og það er kallað, þ.e. geta ekki tekið neitt annað andlag en afturbeygt fornafn, er ótækt að nota samsetta afturbeygða fornafnið. Sögnin *mismæla* er ein þessara sagna — ekki er hægt að mismæla neinn annan. Meðal annarra dæma má nefna *átta sig*, *barma sér*, *furða sig á e-u*, *misstíga sig*, *ræskja sig*, *skammast sín*, *taka sig á* o.s.frv. Hér er hvergi hægt að setja samsetta afturbeygða fornafnið *sjálfan sig* í staðinn fyrir það einfalda. Hið gagnstæða virðist gilda þegar í

hlut eiga sagnir eða sagnasambönd þar sem verknaðurinn beinist venjulega að einhverjum öðrum en gerandanum. Það á t.d. við um sögnina *tala við e-n* — það er meginreglan að menn tali við einhverja aðra. Í slíkum tilvikum virðist eðlilegra að nota samsetta afturbeygða fornafnið *sjálfan sig*. Svipuðu máli gegnir um sambönd eins og *gagnrýna sjálfan sig*, *hallmæla sjálfum sér*, *senda bréf til sjálfs sín*, *tala um sjálfan sig*, *yrkja ljóð um sjálfan sig* o.s.frv. Í þessum samböndum fer einfalda afturbeygða fornafnið verr þótt það sé kannski ekki alveg útilokað alls staðar. Á milli þessara póla liggja svo aðrar sagnir þar sem segja má að notkun einfalda afturbeygða fornafnsins sé sjálfgefin en unnt er að nota samsetta fornafnið í sérstöku áhersluskyni. Dæmi eru sýnd í (2-118):


- (2-118) a. Rakarinn_i rakaði sig_i . – Rakarinn_i rakaði sjálfan sig_i .
 b. María_i greiddi sér_i . – María_i greiddi sjálfri sér_i .

Hér felst einhvers konar andstæðuáhersla í notkun samsetta fornafnsins *sjálfan sig/sjálfri sér*.

Í öðru lagi er aldrei hægt að láta samsetta afturbeygða fornafnið vísa út úr aukasetningu til undanfara utan hennar. Hér má bera (2-119) saman við samsvarandi dæmi í (2-114):

- (2-119) *Ólafur_i segir [að þú hafir(vh.) svikið **sjálfan sig_i**]

Nánar verður vikið að atriðum af þessu tagi í 13. kafla.



Samanburður afturbeygðra fornafna í íslensku og ýmsum nágrannamálum er býsna forvitnilegur. Kerfi afturbeygðra fornafna í norrænu málunum er t.d. býsna líkt því íslenska. Þar eru aðeins til sérstök afturbeygð fornöfn sem vísa til þriðju persónu (ekki fyrstu eða annarrar) og þau eru bæði einföld og samsett að formi, líkt og í íslensku. Verkaskipting einföldu og samsettu fornafnanna er líka býsna svipuð því sem við finnum í íslensku. Við getum tekið dönsku sem dæmi:

(i) a. Jens skammede **sig** / ***sig selv** .

‘Jens skammaðist sín.’

b. Jens snakker ofte med ***sig** / **sig selv** .

‘Jens talar oft við sjálfan sig.’

Einfalda afturbeygða fornafnið í norrænu meginlandsmálunum er þó frábrugðið því íslenska að því leyti að það getur ekki vísað út úr aukasetningu til undanfara utan hennar:

(ii) Jens_i siger [at du har svigtet ham / *sig_i]

Færeyska er aftur á móti lík íslensku að þessu leyti:

(iii) Jógvan sigur [at tú hevur svikið seg]

Norrænu nágrannamálin hafa líka afturbeygt eignarforafn, eins og íslenska. Þar er danska þó frábrugðin hinum málunum að því leyti að þetta afturbeygða eignarforafn, *sin*, er aðeins notað til að vísa til eiganda í eintölu. Það samræmist nafnorðinu sem það stendur með í kyni og tölu. Ef eigandinn er í fleirtölu er notað *deres*, sem er eignarfall persónufornafns og því óbreytanlegt:

(v) a. Drengen tog **sin** bog / **sine** bøger / **sit** kuvert.

‘Drengurinn tók bókina sína(et.samk.)/bækurnar sínar(ft.)/umslagið sitt(hk.)’

b. Drengene tog **deres** bog/ **deres** bøger / **deres** kuvert.

Í ensku eru til sérstök form afturbeygðra fornafna fyrir allar þrjár persónurnar og þau eru ólík eftir því hvort vísað er til undanfara í eintölu eða fleirtölu:

(vi) I shaved **myself**, you shaved **yourself**, he shaved **himself**, she shaved **herself**, they shaved **themselves**, etc.

Eins og sjá má eru þessi form í raun og veru samsett að gerð. Enska líkist norrænu meginlandsmálunum að því leyti að þar er ekki hægt að láta afturbeygt forafn vísa út úr aukasetningu til undanfara utan þeirrar setningar:

(vii) John thinks [that you have betrayed him / ***himself**]

Í 13. kafla verður nokkuð viðkið að samanburði mála með hliðsjón af reglum um fornöfn og tilvísun.

2.4.3 Spurnarfornöfn

Spurnarfornöfn eru tiltölulega einföld viðfangs því þau hafa býsna skýr setningarleg einkenni og einnig merkingarleg í aðalatriðum. Þau voru talin upp á þessa leið hér á undan:

(2-120) *hver, hvor, hvaða, (?)hvílikur*

Spurnarorðið *hvaða* er óbeygjanlegt en *hvílikur* beygist í kyni, tölu og falli og fær sömu beygingarendingar og lýsingarorð og ýmis óákveðin fornöfn. Spurnarfornöfnin *hver* og *hvor* beygjast líka nokkuð reglulega og fá að mestu leyti sömu endingar eins og hér er sýnt:

(2-121)	kk.	kvk.	hk.
nf.et. hver	hver	hver	hver-t / hvað
þf. -hver-n	hvor-n	hverj-a	hver-t / hvað
þgf. - hverj-um	hvor-um	hver-ri	hverj-u
ef. - hver-s	hvor-s	hver-rar	hver-s
nf.ft. hverj-ir	hvor-ir	hverj-ar	hver
þf. -hverj-a	hvor-a	hverj-ar	hver
þgf. - hverj-um	hvor-um	hverj-um	hverj-um
ef. - hver-ra	hvor-ra	hver-ra	hver-ra

Valið á milli beygingarmyndanna *hvert/hvað* verður skýrt hér á eftir.

Spurnarfornöfnin eiga það flest sameiginlegt að spyrja eftir einhverju, leita upplýsinga, en reyndar hefur spurnarmerking orðsins *hvílikur* bliknað mikið eins og við munum sjá og þess vegna var hér sett spurningarmerki við að telja það með spurnarfornöfnum. Þeim er öllum eðlilegast að standa fremst í setningu, annaðhvort aðalsetningu (*hvílikur* getur þó ekki staðið sem spurnarorð fremst í aðalsetningu, sbr. hér á eftir) eða þá **spurnaraukasetningu**. Gildir þá einu hvaða hlutverki þau þjóna í setningunni. Sé spurt um andlag, kemur spurnarorð í hlutverki andlags fremst í viðkomandi setningu og í staðinn er eyða á þeim stað sem andlagið (eða óbeina andlagið) stendur venjulega en spurnarorðið ber það fall sem andlagið ætti að hafa. Lítum á dæmi um þetta (eyður eftir „brottfliutt“ spurnarorð eru sýndar með __ líkt og áður þar sem ástæða þykir til):

- (2-122) a. **Hver** hefur gefið Maríu þennan hring?
 b. **Hverjum**(þgf.) hefur Sigurður gefið __ þennan hring?
 c. **Hvaða** hring(þf.) hefur Sigurður gefið Maríu __ ?
 d. **Hvorri**(þgf.) stúlkunni(þgf.) gaf Sigurður __ hringinn?
 e. Anna spurði [**hver** hefði gefið Maríu þennan hring]
 f. Anna spurði [**hverjum**(þgf.) Sigurður hefði gefið __ þennan hring]
 g. Anna spurði [**hvaða** hring(þf.) Sigurður hefði gefið Maríu __]
 h. Anna spurði [**hverri**(þgf.) stúlkunni(þgf.) Sigurður hefði gefið __ hringinn]
 i. Anna vissi ekki [**hvílikan**(þf.) dýrgrip(þf.) Sigurður hafi gefið Maríu __]

Hér sjáum við að allur nafnliðurinn flyst fremst í setninguna þegar spurnarfornafnið er hliðstætt, sbr. dæmi (2-122c,d,g,h). Við lítum nánar á það hér á eftir.

Þegar spurt er um andlag forsetningar má annaðhvort „skilja forsetninguna eftir“ með eyðu í stað andlags eða færa allan forsetningarliðinn fremst í setninguna:

- (2-123) a. **Hvaða** mann talaðir þú við ___ ?
 b. Við **hvaða** mann talaðir þú?

Um atriði af þessu tagi er nánar fjallað í kafla 7.2.2.

Helsta undantekning frá því að spurnarfornafn standi fremst í setningu verður í svokölluðum **bergmálsspurningum** (e. *echo questions*), þ.e. spurningum þar sem sá sem talar endurtekur (bergmálar) hluta þess sem viðmælandi hans sagði og spyr eftir tilteknum lið þess með því að láta spurnarorðið vera á sínum stað:

- (2-124) a. A: Sigurður gaf Maríu þennan hring?
 B: Sigurður gaf **hverjum** þennan hring?
 c. A: Haraldur gaf Helgu hamstur.
 A: Haraldur gaf Helgu **hvað**?

Spurningar af þessu tagi eru helst notaðar þegar menn heyra ekki vel það sem sagt er við þá eða þá að þeir trúu ekki sínum eigin eyrum. Þeim fylgir sérstakt hljómfall sem lætur þá stundum í ljós vantrú eða undrun.

Fornafnið *hver* er yfirleitt sérstætt, þ.e. gegnir hlutverki kjarna eða höfuðs í nafnlið (sbr. dæmi (2-122a,b,e,f) hér á undan). Það tekur ekki með sér ákvæðisorð fremur en önnur fornöfn en það getur stýrt eignarfalli (eignarfallseinkunn) ef það merkir ‘hver af einhverjum tilteknum hópi’ líkt og nafnorð geta:

- (2-124) **Hver** þessara stúlkna (ef.ft.) skrifaði bókina? (sbr. Móðir þessara stúlkna(ef.ft.) ...)

Eins og hér kemur fram getur nafnorðið haft með sér ákvæðisorð og spurnarfornafnið fer þá á undan öllu saman, þ.e. öllum nafnliðnum, og stjórnar eignarfallinu á honum. Það er þó ekki loku fyrir það skotið að *hver* geti staðið hliðstætt með nafnorði og lagað sig að því í kyni, tölu og falli en flestum þykir líklega eðlilegra að láta nafnorðið standa sem eignarfallseinkunn með *hver* í dæmum á borð við þessi:

- (2-125) a. **?Hverjum**(þgf.ft.) bókunum(þgf.ft.) ætlar þú að skila?
 b. **Hverjum**(þgf.ft.) bókanna(ef.ft.) ætlar þú að skila?

Hér gæti *hver* þó eins tekið með sér forsetningarlið í sama hlutverki og eignarfallið, þ.e. *Hverjum af bókunum* ... Takið líka eftir því að eignarfallið verður að vera ákveðið (þ.e. hafa ákveðinn greini eða eitthvert ákvæðisorð sem gerir það ákveðið, sbr. (2-124)).

Sé fornafnið í hvorugkyni eintölu þegar það er hliðstætt eða tekur eignarfallseinkunn með sér, er notað formið *hvert* en ekki *hvað* (sbr. beygingardæmið í (2-121) hér á undan):

- (2-126) a. **?Hvert** barnið gerði þetta?
 b. **Hvert** barnanna gerði þetta?
 c. ***Hvað** barnanna gerði þetta?

Fornafnið *hvor* er notað þegar spurt er um annan af tveimur. Þannig er merkingarmunur á dæmunum í (2-127):

- (2-127) a. **Hver** vann?
b. **Hvor** vann?

Setning eins og (2-127b) væri ekki notuð nema það væri gefið að aðeins væri um tvo að velja. Hins vegar fer þeim trúlega fjölgandi sem nota spurnarfornafnið *hvor* sjaldan eða aldrei sérstætt og nota *hver* þess í stað í dæmum á borð við (2-127), líka þegar átt er við annan af tveimur.

Fornafnið *hvor* má ýmist nota hliðstætt eða sérstætt og í dæmum eins og (2-128) er ekki síður eðlilegt að nota hliðstæðu gerðina (þar sem *hvor* lagar sig að falli nafnorðsins sem það stendur með) en þá sérstæðu (þar sem *hvor* stýrir eignarfalli á nafnorðinu):

- (2-128) a. **Hvora**(kvk.þf.et.) bókina(kvk.þf.et.) átt þú?
b. **Hvora**(kvk.þf.et.) bókanna(kvk.ef.et.) átt þú?

Að þessu leyti er munur á setningarlegri hegðun *hver* og *hvor*. Hér má benda á að sé *hvor* hliðstætt getur lýsingarorð staðið á milli þess og nafnorðsins (þ.e. verið annað ákvæðisorð með nafnorðinu) en ábendingarfornafnið *þessi* getur ekki staðið þar. En taki *hvor* með sér eignarfall getur það eignarfall verið nafnliður af hvaða stærð sem er, m.a. með ábendingarfornafninu *þessi* innanborðs:

- (2-128)'a. **Hvora**(kvk.þf.et.) gulu(kvk.þf.et.) bókina(kvk.þf.et.) átt þú?
b. ***Hvora**(kvk.þf.et.) þessa(kvk.þf.et.) gulu(kvk.þf.et.) bók(kvk.þf.et.) átt þú?
c. **Hvora**(kvk.þf.et.) gulu bókanna átt þú?
d. **Hvora**(kvk.þf.et.) þessara(kvk.ef.et.) gulu(kvk.ef.et.) bóka(kvk.ef.et.) átt þú?

Hægt er að sleppa nafnorðinu sem *hvor* á við ef ljóst er af samhengi eða aðstæðum hvað það ætti að vera. Þetta er svipað því sem við sáum þegar við skoðuðum lýsingarorð:

(2-128)'' Ég vissi að þú áttir aðra bókina en ég vissi ekki **hvora** (bókina).

(2-128)''' [Aðstæður: Sigga og Gunna eru úti í sjoppu og panta sér ís. Afgreiðslumaðurinn gerir tvo ísa og snýr sér síðan að Siggu.]
Afgreiðslumaðurinn: **Hvorn** (ísinn) vilt þú?

Spurnarfornafnið *hvaða* er alltaf hliðstætt, sbr. dæmin í (2-122c,g), og það er alveg óbeygjanlegt:

- (2-129) a. **hvaða** maður/kona/barn/menn/konur/börn ...
a. um **hvaða** mann/konu/barn/menn/konur/börn...
b. frá **hvaða** manni/konu/barni/mönnum/konum/börnum ...
o.s.frv.

Eins og hér kemur fram er ekki hafður greinir á nafnorðinu sem *hvaða* stendur með — **hvaða maðurinn/konan/barnið ... væri ótækt*. Ekki er heldur hægt að hafa ábendingarfornafn eins og *þessi* á eftir *hvaða*. Hins vegar virðist *hvaða* kalla á ákveðið (þ.e. veikt) form af lýsingarorði með nafnorðinu ef því er að skipta:

- (2-129) a. ***Hvaða** þessa bók átt þú?
 b. **Hvaða** gulu/*gul bók keyptir þú?

Í framhaldi af þessari umfjöllun um óbeygjanlega spurnarfornafnið *hvaða* má spyrja af hverju orðið *hvernig* er yfirleitt ekki talið til óbeygjanlegra spurnarfornafna þegar það merkir 'hvers konar'. Í slíkum tilvikum stendur það nefnilega hliðstætt með nafnorði, rétt eins og *hvaða*:

- (2-130) a. **Hvernig** bíl(þf.) keyptir þú þér?
 b. **Hvernig** húsi(þgf.) býr hann í núna?
 c. Í **hvernig** húsi(þgf.) býr hann núna?

Orðið *hvernig* er þó yfirleitt talið með spurnaratviksorðum en ekki spurnarfornöfnum. Ástæðurnar fyrir þessari mismunandi greiningu á *hvaða* og *hvernig* eru kannski að hluta til sögulegar (*hvaða* sver sig í ætt við fornöfn að útliti til), en auk þess er *hvernig* greinilega spurnaratviksorð í ýmsum öðrum samböndum. Við komum að því í kafla 2.8.4.

Það orkar nokkuð tvímælis að telja orðið *hvílikur* með spurnarfornöfnum. Það er alltaf hliðstætt, líkt og *hvaða*, en hefur tæpast nokkra spurnarmerkingu lengur. Það má t.d. marka af því að ekki er hægt nota það fremst í aðalsetningu til að leita upplýsinga:

- (2-131) ***Hvílikan** hring gaf Sigurður Maríu?

Það er hins vegar notað í upphrópunarsetningum, líkt og orðið *þvílikur* (sem auðvitað er ekki spurnarorð):

- (2-132) a. Hvílíkt dýrðarveður!
 b. Þvílíkt rugl!

Hér er þó sá munur á þessum orðum að *hvílikur* virðist þurfa að standa fremst í setningu, líkt og spurnarorðum er tamt, en *þvílikur* þarf þess ekki:

- (2-133) a. *Ég hef aldrei vitað **hvílíkt** dýrðarveður!
 b. Ég hef aldrei vitað **þvílíkt** rugl!

Til marks um það að lítið eimir eftir af spurnarmerkingu orðsins *hvílikur* má nefna það að ekki er hægt að nota það til í upphafi spurnaraukasetningar á eftir sögninni *spyrja*, en í slíkri stöðu má nota öll hin spurnarfornöfnin (sbr.dæmi (2-122e,f,g,h) hér á undan). Hins vegar er hægt að nota það í upphafi fallsetningar á eftir sögninni *vita*, ekki síst ef neitun er með, en í slíkri stöðu má einnig nota hin spurnarfornöfnin en ekki orðið *þvílíkt* til dæmis. Eins skýrt verður hér á eftir er notkun orðsins *hvílikur* þó ekki alveg sambærileg við notkun hinna spurnarorðanna í þessu samhengi:

- (2-132) a. Anna vissi ekki [**hver** gaf Maríu hringinn]
 b. Anna vissi ekki [**hverjum** Sigurður gaf hringinn]
 c. Anna vissi ekki [**hvorn** hringinn Sigurður gaf Maríu]
 d. Anna vissi ekki [**hvaða** hring Sigurður gaf Maríu]
 e. Anna vissi ekki [**hvílikan** hring Sigurður hafði gefið Maríu]
 f. *Anna vissi ekki [**þvílíkan** hring Sigurður hafði gefið Maríu]

Þótt orðið *hvílikur* standi hér með *hring* getur það ekki í raun haft venjulega spurnarmerkingu heldur hlýtur það að hafa einhvers konar upphrópunarmerkingu, þ.e. merkja ‘hversu merkilegan hring’, m.ö.o. eitthvað svipað og *hvílikan dýrgrip* í (2-122i) hér á undan. Þrátt fyrir það virðist þó ekki hægt að nota *þvílíkan* í þessu samhengi svo ekki er hægt að leggja þessi orð að jöfnu frá setningarlegu sjónarmiði hér heldur. En nú erum við greinilega komin að ystu mörkum spurnarfornafna og mál að snúa sér að öðru!

2.4.4 Eignarfornöfn

Eignarfornöfn voru talin upp á þessa leið fyrr í þessum kafla:

(2-133) *minn, þinn* (sjá líka afturbeygða eignarfornafnið *sinn*)

Öll þessi fornöfn beygjast eins. Hér er *minn* tekið sem dæmi:

(2-134)	kk.	kvk.	hk.
nf.et.	minn	mín	mitt
þf. -	minn	mína	mitt
þgf. -	mínum	minni	mínu
ef. -	míns	minnar	míns
nf.ft.	mínir	mínar	mín
þf. -	mína	mínar	mín
þgf. -	mínum	mínum	mínum
ef. -	minna	minna	minna

Eignarfornöfnin eiga það öll sameiginlegt að vera yfirleitt hliðstæð og þá laga þau sig að nafnorðinu sem þau standa með í kyni, tölu og falli. Eins og augljóst má vera er fornafnið *minn* notað þegar „eigandinn“ er fyrsta persóna og *þinn* þegar eigandinn er önnur persóna. Í samræmi við það sem áður var rakið má þá segja að *minn* vísi til fyrstu persónu eintölu og *þinn* til annarrar persónu eintölu. Þetta má tákna með vísun líkt og sýnt var í umfjöllun um persónufornöfn og afturbeygð fornöfn hér á undan. Það er gert í (2-135) og þar kemur beygingarsamræmið líka fram:

- (2-135) a. Ég_i tók köttinn(kk.et.þf.) **minn_i**(kk.et.þf.) og eðluna(kvk.et.þf.) **mína_i**(kvk.et.þf.).
 b. Þú_i skalt gefa lambinu(hk.et.þgf.) **þínu_i**(hk.et.þgf.) og hundunum(kk.ft.þgf.) **þínum_i**(kk.ft.þgf.).
 c. Hún_i saknaði foreldra(kk.ft.ef.) **sinna_i** (kk.ft.ef.) og sonar(kk.et.ef.) **síns_i** (kk.et.ef.).

Eins og augljóst má vera er fornafnið *minn* notað þegar „eigandinn“ er fyrsta persóna og *þinn*

Þegar eigandinn er önnur persóna. Bæði fornöfnin eru bundin við það að eigandinn sé í eintölu eins og nánar verður fjallað um hér á eftir.

Í öllum dæmunum í (2-135) fer eignarfornafnið á eftir orðinu sem það stendur með. Það er hin sjálfgefna orðaröð. Ef leggja á sérstaka áherslu á fornafnið má hafa það á undan nafnorðinu:

- (2-136) a. Ég tók **minn** kött.
 b. Þú skalt gefa **þínu** lambi.
 c. Hún saknaði **sinna** foreldra.

Glöggir lesendur taka kannski eftir því að í (135a,b) er ákveðinn greinir á nafnorðunum sem eignarfornöfnin standa með en í samsvarandi dæmum í (2-136) eru nafnorðin greinislaus. Hér er þó sá munur á að í (2-135a,b) væri hægt að sleppa greininum en í (2-136) er alveg ótækt að bæta honum við:

- (2-137) a. Ég tók kött **minn**.
 b. Þú skalt gefa lambi **þínu**.
 c. *Ég tók **minn** köttinn.
 d. *Þú skalt gefa **þínu** lambinu.

Greinislausu nafnorðin í (2-137a,b) gefa setningunum sérstakan stílblæ en setningarnar eru tækar. Nafnorð af ákveðnum merkingarflokkum, eins og t.d. skyldleikaorðin *faðir, móðir, pabbi, mamma, bróðir, systir, sonur, dóttir, foreldrar, afi, amma* o.s.frv., taka yfirleitt ekki með sér greini þegar þau standa með eignarfornöfnum. Dæmi um þetta má sjá í (2-135c) og fleiri eru gefin í (2-138):

- (2-138) a. Ég fór þangað með pabba/*pabbanum mínum.
 b. Ætlar þú að sækja móður/*móðurina þína á flugvöllinn?

Þegar eignarfornafnið fer á undan nafnorðinu getur lýsingarorð einnig staðið með nafnorðinu og er þá í ákveðnu (þ.e. veikju) formi. Ábendingarfornafn getur hins vegar ekki staðið á milli eignarfornafns og nafnorðs þótt ekkert sé athugavert við það að hafa ábendingarfornafn með nafnorði sem eignarfornafn fer á eftir:

- (2-138)' a. Ég tók **minn** gamla/*gamlan kött.
 b. *Þú skalt gefa **þínu** þessu lambi.
 c. Þú skalt gefa þessu lambi **þínu**.

Ef við lítum næst á atriði sem varða tilvísun eignarfornafnanna má benda á að eignarfornöfnin *minn* og *þinn* eiga það sameiginlegt með afturbeygðum fornöfnum að geta vísað til undanfara innan sömu setningar. Þetta má sjá í dæmunum hér á undan og við sáum í kaflanum um afturbeygð fornöfn (2.4.2) að afturbeygða eignarfornafnið hefur líka þessi einkenni. En *minn* og *þinn* líkjast einnig persónufornöfnum að því leyti að þau geta vísað út úr aukasetningum til undanfara utan þeirra en það getur *sinn* ekki (nema þegar um er að ræða fallsetningar af tiltekinni gerð, eins og áður var rætt):

- (2-139) a. Ég_i fer [þegar saumakonan er búin að gera við buxurnar **mínar**_i]

b. *Saumakona_i fer [þegar ég er búinn að borga reikninginn **sinn_i**]

Auk þess líkjast þessi eignafornöfnin *minn* og *þinn* persónufornöfnum að því leyti að þau geta haft bendivísun, þ.e. þau þurfa ekki að vísa til undanfara sem er nefndur berum orðum. Hugsum okkur enn tilteknar aðstæður:

(2-140) [Stoltir foreldrar fylgjast með lítilli dóttur sinni í vögg og hún brosir út að eyrum.]
Móðirin: Hún er með nefið **þitt** og augun **mín**.

Eins og við sáum í dæmi (2-116) getur afturbeygða eignarfornafnið *sinn* ekki haft bendivísun af þessu tagi, fremur en afturbeygð fornöfn yfirleitt.

Ef vísað er til eiganda fyrstu persónu fleirtölu er notað eignarfall fyrstu persónu fornafns fleirtölu, þ.e. *okkar*, og sé vísað til eiganda sem er önnur persóna fleirtölu er notað eignarfall samsvarandi persónufornafns, þ.e. *ykkar*. Þessi eignarföll standa því í raun sem eignarfallseinkunnir með nafnorðinu sem tákna eignina og þau eru ólík eignarfornöfnum að því leyti að þau laga sig ekkert að því nafnorði sem þau standa með heldur eru óbreytt að formi óháð kyni, tölu og falli þess. Þetta má sjá með því að bera (2-141) saman við (2-135), en í (2-135) kemur einmitt fram beygingarsamræmi raunverulegs eignarfornafns og þess nafnorðs sem það stendur með:

(2-141) a. Við_i tókum köttinn(kk.et.þf.) **okkar_i**(ef.ft.) og eðluna(kvk.et.þf.) **okkar_i**(ef.ft.).
b. Þið_i skuluð gefa lambinu(hk.et.þgf.) **ykkar_i**(ef.ft.) og hundunum(kk.ft.þgf.) **ykkar_i**(ef.ft.).

Í kaflanum um afturbeygð fornöfn var rætt um afturbeygða eignarfornafnið *sinn* og sýnt að reglur um tilvísun þess eru alveg hliðstæðar við reglurnar um tilvísun afturbeygða fornafnsins *sí*. Í þeim tilvikum þar sem ekki gengur að hafa afturbeygt eignarfornafn, eins og t.d. þegar fornafnið er í aukasetningu og undanfarinn utan hennar, eru eignarföll viðkomandi persónufornafna notuð. Dæmi um þetta eru sýnd í (2-142) og þar kemur fram að ekki er um neitt beygingarsamræmi að ræða í þessum tilvikum fremur en í (2-141):

(2-142) a. Hann_i fer [þegar þú ert búin að gera við buxurnar(kvkv.ft.þf.) **hans_i** (ef.et.)]
b. Hún_i fer [þegar ég er búinn að borga reikninginn(kk.et.þf.) **hennar_i** (ef.et.)]

Sama er uppi á teningnum þegar um bendivísun er að ræða:

(2-143) [Stoltir foreldrar fylgjast með tvíburum, strák og stelpu, í vögg.]
Faðirinn: Ég er hérna með pelann(kk.et.þf.) **hennar**(kvk.et.ef.), snuðið(hk.et.hk.) **hans**(kk.et.ef.) og bleyjurnar(kvkv.ft.þf.) **þeirra**(ft.ef.).

Um eignarföllin *okkar*, *ykkar*, *hans*, *hennar*, *þess*, *þeirra* gildir það sama og um eignarfornöfnin að þau fara yfirleitt á eftir nafnorðinu sem þau standa með og þá er yfirleitt greinir á nafnorðinu, en eignarföllin geta líka farið á undan nafnorðinu ef lögð er sérstök áhersla á þau og þá er ekki hægt að hafa greini á nafnorðinu:

(2-144) Ég er hérna með **hennar** pela/*pelann og **hans** snuð/*snuðið, en ég finn ekki hitt dótið.

Loks má nefna að hægt er að sleppa nafnorðinu sem eignarfornöfnin (eða eignarföllin) eiga við sérstakar aðstæður, líkt og sýnt var í sambandi við lýsingarorðin í kafla 2.3 hér á undan (sbr. dæmin í (2-67) og (2-68)) og í sambandi við hliðstæða spurnarfornafnið *hvor* t.d.:

(2-145) a. Ég kom með [bókina **þína**] í staðinn fyrir [(bókina) **mína**]
b. Ef þúkemur með [pelann **hans**] skal ég koma með [(pelann) **hennar**]

(2-146) [Aðstæður: Sigga og Gunna eru úti í sjoppu og panta sér ís með dýfu.
Afgreiðslumaðurinn afgreiðir Siggju fyrst og snýr sér síðan að Gunnu:]
Gunna: Ég ætla að fá kókos á **minn** (ís).

Þess var getið í sambandi við lýsingarorð hér á undan að oftast yrði að bæta óákveðna fornafninu *one* við í ensku ef nafnorð væri fellt brott og lýsingarorðið „skilið eftir“. Reyndar gegnir sama máli ef nafnorð er fellt brott og spurnarorðið *which* ‘hver, hvor’ skilið eftir:

(i) a. I brought the big cup and the little **one**.
b. I knew you wanted one of the cups but I don't know which **one**.

Þegar nafnorð eru felld brott og eignarfornöfn skilin eftir, eru aftur á móti notuð sérstök form af eignarfornöfnunum í ensku:

(ii) a. I brought your cup and **mine**. (venjulega hliðstæða formið er *my*)
b. This is my cup and this is **yours**. (venjulega hliðstæða formið er *your*)
Börn sem eru að tileinka sér ensku eiga það hins vegar til að alhæfa *one*-regluna og segja *my one* eða *your one* í stað *mine* og *yours*.

2.4.5 Ábendingarfornöfn

Hér á undan voru þessi fornöfn talin til **ábendingarfornafna**, í samræmi við hefð í íslenskum málfræðibókum:

(2-147) *sá, þessi, hinn*

Beyging þessara fornafna er sýnd í (2-148) og þar kannast menn væntanlega við ýmsar myndir úr beygingu persónufornafna:

(2-148)	kk.	kvk. hk.	kk.	hk.	kvk.	kk.	kvk. hk.	
nf.et.	sá	sú	það	þessi	þessi	þetta	hinn hin	hitt
þf. -	þann	þá	það	þennan	þessa	þetta	hinn hina	hitt

þgf. -	þeim	þeirri	því	þessum	þessari	þessu	hinum	hinni	hinu
ef. -	þess	þeirrar	þess	þessa	þessarar	þessa	hins	hinnar	hins
nf.ft.	þeir	þær	þau	þessir	þessar	þessi	hinir	hinar	hin
þf. -	þá	þær	þau	þessa	þessar	þessi	hina	hinar	hin
þgf. -	þeim	þeim	þeim	þessum	þessum	þessum	hinum	hinum	hinum
ef. -	þeirra	þeirra	þeirra	þessara	þessara	þessara	hinna	hinna	hinna

Þessi fornöfn eiga það öll sameiginlegt að vera mjög oft notuð hliðstæð og þau laga sig þá að nafnorðinu sem þau standa með í kyni, tölu og falli. Ef lýsingarorð standa líka með því nafnorði sem ákvæðisorð, standa þau á milli ábendingarfornafnsins og nafnorðsins og eru í ákveðnu (þ.e. veiku) formi. Nafnorðið sjálft tekur með sér greini ef ábendingarfornafnið er *hinn*, annars ekki:

- (2-149) a. Þekkir þú **þessa**(kvk.et.þf.) dökkhærðu(kvk.et.þf.) stelpu(kvk.et.þf.)? b. Hún var með **hinum**(h k.ft.þgf.) íslensku(hk.ft.þgf.) börnunum(hk.ft.þgf.).
- c. **Sá**(kk.et.nf.) góði(kk.et.nf.) maður(kk.et.nf.) er þýskur.

Ef við lítum aðeins á þær reglur sem gilda um vísun ábendingarfornafna, sjáum við strax á dæmunum í (2-149) að þær eru nokkuð mismunandi eftir því hvaða ábendingarfornafn á í hlut. Setning (2-149a) væri alveg eðlileg byrjun á samtali, þ.e. án þess að nokkur dökkhærð stelpa hefði áður verið nefnd, og *þessa* hefði þá bendivísun. Reyndar er ábendingarfornafnið *þessi* kannski dæmigerðasta bendivísunarforfnafnið — við notum það einmitt oft um leið og við **bendum** á eitthvað eða vekjum á annan hátt athygli á einhverju í umhverfi okkar. Í slíkum tilvikum þarf það reyndar ekki að vera hliðstætt heldur getur staðið eitt sér, ekki síst í hvorugkyni eintölu:

- (2-150) a. Heyrðirðu **þennan** hvell?
b. Heyrðirðu **þetta**?

Karlkyn og kvenkyn er fremur notað af fornafninu *þessi* þegar tiltekið nafnorð er undanskilið af því að það er ljóst af samhenginu eða aðstæðunum:

- (2-151) a. Ég ætla að taka **þessa** bók hérna og þú mátt taka **þessa** (bók) þarna.
b. Afgreiðslumaður í bókabúð: Hvorn þennann viltu?
Viðskiptavinur: Ég vil **þennan** (þenna).

Ábendingarfornafnið *hinn* hefur aftur á móti oft nokkurs konar andstæðumerkingu, þ.e., það er notað til að greina t.d. einhvern einstakling, hlut eða hóp frá einhverjum öðrum einstakling, hlut eða hóp sem búið er að nefna eða gefa í skyn í umræðunni, t.d. með ákvæðisorði eins og

þessi eða *annar*. Þá má oft sleppa viðkomandi nafnorði:

- (2-152) a. Þessar buxur passa alveg en **hinar** (buxurnar) eru of þröngar.
 b. Annar innbrotspjófurinn náðist en **hinn** (innbrotspjófurinn) slapp.

Í dæmum á borð við (2-149b) er aðgreiningin sem felst í *hinn* þó svolítið annars eðlis. Með því að segja **hinum** íslensku börnunum er gefið í skyn að þessi *hún* sem talað er um sé líka íslenskt barn sem tilheyrir tilteknum hópi. Í því efni er fróðlegt að bera saman dæmi eins og þessi:

- (2-153) a. Eyvindur var ekki eins og **hinir** útilegumennirnir.
 b. Eyvindur var ekki eins og **aðrir** útilegumenn.

Hér er smávægilegur en mikilvægur munur á: Sé sagt *hinir útilegumennirnir* er verið að vísa í tiltekinn hóp útilegumanna sem búið er að ræða um og Eivindur er greindur frá þeim, en sé sagt *aðrir útilegumenn* er verið að tala um aðra útilegumenn almennt. Hér er athyglisvert að notaður er greinir í fyrra skiptið en ekki það síðara (um greini er annars nánar rætt í kafla 2.5 og í kafla 12.3), en svipaður merkingarmunur kemur þó fram þótt ekkert nafnorð fylgi:

- (2-154) a. Þú ert ekki eins og **hinir**.
 b. Þú ert ekki eins og **aðrir**.

Í ljósi þessa samspils orðanna *annar* og *hinn* má þykja athyglisvert að þau eru yfirleitt ekki talin til sama undirflokks fornafna, þ.e. *annar* er haft með óákveðnum fornöfnum og við lítum nánar á það í undirkaflanum um þau.

Áður en skilist er við ábendingarfornafnið *hinn* er vert að vekja athygli á notkun þess í hvorugkyni í tengslum við **skýringarsetningu** (setningu sem hefst á skýringartengingunni *að*):

- (2-155) Ég veit ekki hvort hann er heima en **hitt** veit ég, [að atgeir hans er heima]

Hér virðist skýringarsetningin vera nánari „skýring“ á ábendingarfornafninu *hitt*, þ.e. ‘... en hitt [að atgeir hans var heima] veit ég.’

Ábendingarfornafnið *sá* hefur talsvert aðra vísunareiginleika en *þessi* og *hinn*. Í (2-149c) er t.d. ljóst að *sá góði maður* verður að hafa endurvísun, þ.e. það þarf að vera búið að nefna manninn áður. Yfirleitt virðist *sá* ekki geta haft bendivísun á sama hátt og *þessi* og *hinn*. Lítum á eftirfarandi dæmi:

- (2-156) [Aðstæður: Sigga og Gunna eru enn úti í sjoppu og panta sér ís með dýfu. Afgreiðslumaðurinn afgreiðir Siggu fyrst og býr sig síðan undir að ganga frá ísnum fyrir Gunnu:]
 Gunna: a. Settu kókos á **þennan** (ís).
 b. Settu kókos á **hinn** (ísinn).
 c. *Settu kókos á **þann** (ís).

Hér gæti Gunna sagt *þennan ís* ef hún á t.d. við ísinn sem afgreiðslumaðurinn er með, hún gæti sagt *hinn ísinn* ef hún vill greina hann frá ísnum sem hann var að enda við að afgreiða, en hún getur ekki sagt *þann ís*. Það er alveg ótækt. Í fljótu bragði gæti eftirfarandi dæmi virst vera undantekning frá þeirri meginreglu að *sá* hafi ekki bendivísun:

(2-157) [Aðstæður: Tvær konur fylgjast með manni lauma heilum tómat upp í sig úr grænmetiskæli verslunar.]

Önnur konan: **Sá** er góður!

Hér er þó þess að gæta að þetta er býsna fast orðasamband. Í öð ru lagi er merking orðsins *sá* hér eiginlega frekar 'þessi' en 'sá', enda væri líka hægt að segja *Þessi er góður!* og jafnvel *Þessi náungi er góður!* í svipaðri merkingu en alls ekki **Sá náungi er góður!*

Helsta undantekning frá því að *sá* (eða nafnliður þar sem *sá* er ákvæðisorð) vísi til einhvers sem hefur verið nefnt áður eru dæmi þar sem tilvísunarsetning fylgir sem nánari skýring. Í slíkum tilvikum getur *sá* einnig staðið án þess að styðja sig við nafnorð:

(2-158) a. **Sú** kona [sem ruddi brautina á sviði kvenréttinda] var Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
b. **Sá** [sem aldrei hefur komið á Hornstrandir] á mikið eftir.

Þessi dæmi eru fullkomlega tæk án þess að ábendingarfornafnið *sá* og það sem því fylgir vísi í nokkuð sem hefur verið til umræðu. Dálítið annars eðlis eru dæmi þar sem fallsetning (skýringarsetning eða spurnarsetning) fylgir nafnlið þar sem *sá* er ákvæðisorð, en þau eru þó ekki alveg einsleit:

(2-159) a. **Sú** fullyrðing [að tunglið sé úr mysuosti] nær ekki nokkurri átt.
b. Sannleikurinn er **sá** [að flokkurinn hefur aldrei skipt um skoðun í þessu efni]
c. Spurningin er **sú** [hvort húsbréfin muni falla í verði]

Fyrsta dæmið gengur greinilega ekki nema þessi tiltekna fullyrðing hafi áður komið við sögu eða sé þekkt, sé hluti af „sameiginlegri þekkingu“ þess sem talar (skrifar) og viðmælanda (lesanda). Slík skilyrði virðast ekki eiga við um hin tvö dæmin. Um samhengi og sameiginlega þekkingu er annars rætt nánar í kafla 12.3 og við látum þetta nægja um setningarleg e inkenni ábendingarfornafna.

2.4.6 Óákveðin fornöfn

Listinn yfir **óákveðin fornöfn** hér á undan var sýnu lengri en aðrir fornafnalistar og er þó ekki víst að hann hafi verið tæmandi. Hann var á þessa leið:

(2-160) *allur, annar, báðir, einhver, einn, enginn, fáeinir, hver, hvor, hvor tveggja, hvorugur, neinn, nokkur, sérhver, sumur, ýmis*

Glöggir lesendur taka sjálfsagt eftir því að orðin eru hér í stafrófsröð. Margir muna sjálfsagt líka eftir því að hafa lært „minnisvísu“ í skóla um afturbeygd fornöfn. Hún er oftast höfð á þessa leið:
Annar, fáeinir, enginn, neinn,

ýmis, báðir, sérhver,
 hvorugur, sumur, hver og einn,
 hvor og nokkur, einhver.

[ath. *samur, sjálfur, slíkur ...*]

Flest orðin sem talin eru í (2-160) koma fyrir í vísunni en þó ekki alveg öll. Það á sér sjálfsgagt að hluta til bragfræðilega skýringu. Málfræðilega spurning er auðvitað sú hvaða málfræðileg einkenni greina óákveðin fornöfn frá öðrum orðflokkum. Þótt okkur varði hér mest um setningarlegu einkennin kann þó að vera ómaksins vert að huga aðeins að merkingarlegum og beygingarlegum einkennum til frekari glöggvunar.

Ef litið er merkingu orðanna í listanum í (2-160) má sjá að orðin fela yfirleitt í sér einhvers konar afmörkun á fjölda, allt frá *allir* og *sérhver* til *fáeinir* eða *enginn*. Sum þeirra samsvara að merkingu til svokölluðum **kvönturum** eða **hæfum** (e. *quantifiers*) í rökfræði. Þannig er nán samsvörun milli merkingar orðsins *allir* og alkvantarans eða alhæfisins sem er táknaður með \forall í rökfræði (sbr. að $\forall x \dots$ er gjarna lesið svo: „Það gildir um öll x að ...“) og eins milli merkingar orðsins *einhver* og tilvistarkvantarans eða tilhæfisins sem er táknaður með \exists (sbr. að $\exists x \dots$ er gjarna lesið svo: „Það er til a.m.k. eitt x sem það gildir um að ...“). Fleiri óákveðin fornöfn má „þýða“ yfir á mál rökfræðinnar en ekki öll.

Vegna þess að hin „meintu“ óákveðnu fornöfn eru býsna mörg og dálítið margvísleg að útliti verður hér ekki fjallað um beygingu þeirra í smáatriðum. Hér má þó vekja athygli á nokkrum atriðum sem kunna að skipta máli í því sambandi. Í fyrsta lagi má nefna að tvö þessara orða eru aðeins notuð í fleirtölu, þ.e. *báðir* og *fáeinir*, og ástæðan fyrir því er nokkuð augljóslega merkingarleg. Í öðru lagi er vert að vekja athygli á því að ekkert þessara orða stigbeygist eða tekur nokkurs konar stigbreytingu. Þetta einkenni kann að ráða nokkru um það að orð eins og *margur*, sem er greinilega merkingarlega skylt sumum þessara orða, er yfirleitt ekki talið til óákveðinna fornafna heldur lýsingarorða, sbr. að það stigbeygist (óreglulega að vísu): *margur*, *fleiri*, *flestur*. Í ljósi þess að lýsingarorð eru ekki ein um það að stigbeygjast (sum atviksorð gera það líka, sbr. umræðu í kafla 2.8) má þó segja að þetta sé ekki öruggt einkenni.

Ef við lítum nú á setningarlegu einkennin er í fyrsta lagi ljóst að öll orðin sem talin eru í (2-160) geta staðið hliðstæð með nafnorðum og þá laga þau sig að þeim í kyni, tölu og falli eins og hliðstæð orð gera yfirleitt. Hér á undan hefur oft verið bent á það að oft geta nokkur ákvæðisorð staðið með sama nafnorðinu og þá hefur stundum verið ýjað að því að röð ákvæðisorðanna fari eftir því af hvaða flokki þau eru. Við höfum t.d. séð að ábendingarfornöfn fara á undan lýsingarorðum (sbr. *þessir gömlu skór* en ekki **gömlu þessir skór né *gamli þessir skór*). Athugun leiðir í ljós að flest hinna „meintu“ óákveðnu fornafna í (2-160) fara best á undan ábendingarfornafni og lýsingarorði í slíkri ákvæðisorðarunu ef því er að skipta (sbr. *allir þessir gömlu skór*). Nokkur dæmi eru sýnd í (2-161):

- (2-161) a. **Allur**(ófn.) sá(áfn.) mikli(lo.) fjöldi streymdi yfir landamærin.
 b. **Önnur**(ófn.) þessi(áfn.) þýska(lo.) kona kom hingað fyrir stríð.
 c. **Báðir**(ófn.) hinir(áfn.) gulu(lo.) bílarnir voru málaðir heima.
 d. **Einn**(ófn.) þessi(áfn.) skeggjaði(lo.) gaur var í hljómsveit með Geirmundi.
 e. **Engin**(ófn.) þessi(áfn.) kollóttu(lo.) lömb eru héðan.
 f. **Sumt**(ófn.) þetta(áfn.) unga(lo.) fólk hefur aldrei smakkað hákarl.

Sumum þessara fornafna er þó eiginlegra að taka með sér eignarfall, svokallað **hlutaeignarfall** (lat. *genitivus partitivus*, e. *partitive genitive*) — eða þá forsetningarlið með forsetningunni *af* í sams konar merkingu:

- (2-162) a. **Einhverjir**(kk.ft.nf.) þessara(ef.ft.) manna(ef.ft.) hafa komið hér áður.
(sbr. líka *Einhverjir af þessum mönnum ...*)
- b. **?Fáeinir**(kvk.ft.nf.) hinna(ef.ft.) kvennanna(ef.ft.) héldu áfram á námskeiðinu.
(frekar: *Fáeinir af hinum konunum ...*)
- b. **Hvorug**(kvk.et.nf.) þessara(ef.ft.) bóka(ef.ft.) fæst í Bóksölu.
(en ekki: **Hvorug af þessum bókum ...*)
- b. **Nokkur**(hk.ft.nf.) þessara(ef.ft.) barna(ef.ft.) reyndust ósynd.
(sbr. líka: *Nokkur af þessum börnum ...*)
- b. **Ýmsir**(kk.ft.nf.) hinna(ef.ft.) þátttakendanna(ef.ft.) hættu keppni.
(sbr. líka: *Ýmsir af hinum þátttakendunum ...*)

Hér virðist óeðlilegt að segja *?Einhverjir þessir menn ..., (?Hvorug þessi bók ..., ?Nokkur þessi börn ...* Auðvitað geta þessi fornöfn þó staðið hliðstæð með nafnorðum og lagað sig að þeim í kyni tölu og falli — ef ekkert ábendingarfornafn fer á milli:

- (2-163) a. **Einhverjir**(kk.ft.nf.) utanbæjarmenn(kk.ft.nf.) sváfu undir kirkjuveggnum.
b. Ég fann **hveruga**(kvk.et.þf.) lúsina(kvk.et.þf.).
c. Fyrirtækið sendi **nokkrum**(hk.ft.þgf.) skagfirskum(lo.) börnum(hk.ft.þgf.) tréhesta.

Spurningin er þá sú hvernig stend á því að þessi fornöfn (og fleiri á listanum í (2-160)) eru treg til að standa hliðstæð á undan ábendingarfornöfnum (þ.e. á undan ábendingarfornöfnum í sama kyni, tölu og falli). Hún gæti verið merkingarleg og hún gæti líka verið sú að hinn meinti flokkur óákveðinna fornafna væri ekki einsleitur frá setningarlegu eða merkingarlegu sjónarmiði og þyrfti kannski endurskoðunar við. Kannski eru það þau óákveðnu fornöfn sem hafa einhvers konar kvantamerkingu (sbr. áður) sem fara best á undan ábendingarfornöfnum og e.t.v. ætti ekki að einblína svona mikið á það setningarlega (og merkingarlega) einkenni í umfjöllun um óákveðin fornöfn heldur reyna að endurskoða skilgreininguna. Hér verður ekki farið í slíka endurskoðun í smáatriðum en sumt af því sem hér fer á eftir kann að nýtast við hana.

Í framhaldi af því sem nú var rakið er ómaksins vert að líta aftur á orðið *margur*. Ef það væri lýsingarorð, eins og oft er talið, kannski vegna stigbreytingarinnar, væri þess að vænta að það skipaði sér á stað lýsingarorða í ákvæðisorðarunu með nafnorðum. Það virðist þó tvennt til um það:

- (2-164) a. Þessi **mörgu** gulu blóm settu svip á garðinn.
b. **Mörg** þessi gulu blóm voru mjög falleg.

Í (2-164a) virðist *mörgu* vera á stað lýsingarorða, þ.e. á eftir ábendingarfornafninu, enda virðist beygingin vera veik eins og beyging lýsingarorða er jafnan á eftir ábendingarfornöfnum. Í (2-164b) fer *mörg* hins vegar á undan ábendingarfornafninu, eins og óákveðin fornöfn gera gjarna. Ef innbyrðis röð ákvæðisorðanna er tekin sem vísbending um flokk þeirra, virðist mega draga þá

ályktun af þessu að *margur* sé tvírætt form og geti ýmist verið lýsingarorð eða óákveðið fornafn. Það væri ekki svo einkennilegt í sjálfu sér því ýmis óákveðin fornöfn eiga sér samhljóða samsvaranir í öðrum orðflokkum (sbr. orðin *annar, einn, hver, hvor* sem verða rædd hér á eftir). Í þessu sambandi er þó athyglisvert að *margur* getur stigbreyst þegar það fer á undan ábendingarfornafni, þ.e. þegar það er í þeirri stöðu sem er einkennandi fyrir óákveðin fornöfn en ekki lýsingarorð:

(2-165) **Flest** þessi gulu blóm voru mjög falleg.

Eins og vikið var að hér á undan eiga ýmis (meint) óákveðin fornöfn sér samhljóða samsvaranir í öðrum orðflokkum. Lítum á yfirlitið í (2-166):

- (2-166) *annar*: óákveðið fornafn eða töluorð (raðtala, sbr. kafla 2.6 hér á eftir)
einn: óákveðið fornafn eða töluorð (frumtala, sbr. kafla 2.6 hér á eftir)
hver: óákveðið fornafn eða spurnarfornafn (eða nafnorð!)
hvor: óákveðið fornafn eða spurnarfornafn

Þegar því er haldið fram að hér sé um orð af mismunandi flokkum að ræða þarf auðvitað að rökstyðja það. Úr því að einkenni orðflokka eru merkingarleg, beygingarleg og setningarleg, hlýtur að vera munur á orðunum með tilliti til einhverra af þessum einkennum. Það virðist ekki vera um neinn beygingarmun að ræða (nema nafnorðið *hver* beygist öðruvísi en fornöfnin) en merkingarleg og setningarleg einkenni virðast vera eitthvað ólík. Við skulum geyma okkur samanburð á óákveðnu fornöfnunum og töluorðunum (*annar, einn*) þar til í kaflanum um töluorð en líta á óákveðnu fornöfnin og samhljóma spurnarfornöfn.

Á óákveðnu fornöfnunum *hver* og *hvor* er svipaður munur og á spurnarfornöfnunum *hver* og *hvor*, þ.e. *hvor* á aðeins við annan af tveimur en merking orðsins *hver* er ekki takmörkuð á þennan hátt. Spurnarfornöfn hafa býsna sérstaka merkingu, eins og áður var lýst, svo það kemur ekki á óvart að merkingarmunur óákveðinna fornafna og samhljóða spurnarfornafna sé verulegur í dæmum á borð við þessi:

- (2-167) a. **Hver**(ófn.) er sinnar gæfu smiður.
 b. **Hver**(spfn.) er smiður?
 c. Þeir eru **hver**(ófn.)/**hvor**(ófn.) öðrum betri.
 d. **Hvor**(spfn.) er betri?
 e. Ég tala ekki við **hvern** sem er.
 f. **Hvern**(spfn.) viltu tala við?
 g. Ég get notað **hvern**(ófn.)/**hvorn**(ófn.) þeirra sem ég get fengið.
 h. Þátttakendur fengu einn poka **hver**(ófn.)/**hvor**(ófn.).

Í þessum dæmum kemur líka fram að óákveðnu fornöfnin *hver* og *hvor* hafa alls ekki það setningarlega einkenni spurnarfornafna að þurfa yfirleitt að standa fremst í setningu. Þetta kemur fram í (2-167c,e,g,h). Í (2-167e,g) kemur líka fram það einkenni þessara orða að geta tekið með sér tilvísunarsetningu (setningu sem hefst á tilvísunartengingunni *sem*, sbr. kafla 2.4.7 hér á eftir).

Þótt óákveðnu fornöfnin *hver* og *hvor* séu sérstæð í dæmunum hér á undan, geta þau þó sem best verið hliðstæð. Í staðinn fyrir hliðstæða óákveðna fornafnið *hver* má oft setja óákveðna

fornafnið *sérhver* í sömu eða svipaðri merkingu en þó ekki alltaf:

- (2-168) a. **Hver/Sérhver** maður hefur aðeins eitt líf.
 b. Síðan fékk **hver** þátttakandi einn poka.
 c. Þetta urðu alls tíu þúsund krónur á **hvern/\$sérhvern** hluthafa.

Í síðasta dæminu er *sérhvern* merkt með dollaramerki til að sýna að merkingarlega á það ekki við hér.

Í framhaldi af þessari umræðu um óákveðnu fornöfnin *hver* og *hvor* er eðlilegt að líta á sambönd með þessum fornöfnum sem hafa mjög sérstakt notkunarsvið. Lítum fyrst á dæmin í (2-169):

- (2-169) a. Þeir fengu **sitt** *epli/eplið **hver/hvor**.
 b. Þeir fengu **hver/hvor** **sitt** epli/(?)eplið.
 c. Þau fengu **sína** *bók/bókina **hvert/hvort**.
 d. Þau fengu **hvert/hvort** **sína** bók/(?)bókina.

Orðasambandið merkir það að eitt epli eða ein bók kom í hlut hvers eða hvors aðila. Merkingin og notkunin er svo sérstök að kannski ætti að kalla þetta sérstakan undirflokk fornafna, t.d. **dreififornafn**. Fornafnið *sinn*, sem mætti ætla að væri sama afturbeygða eignarfornafnið og áður er rætt um) lagar sig í kyni, tölu og falli að nafnorðinu sem það stendur með (hér *epli* eða *bók*). Hér er þetta fornafn þó ekki bundið við frumlag í þriðju persónu eins og þegar það er venjulegt afturbeygt eignarfornafn. Dæmi:

- (2-170) a. Við(1.p.) fengum **sitt** eplið **hver/hvor/hvert/hvort**.
 b. Þið(2.p.) fenguð **sína** bókina **hver/hvor/hvert/hvort**.

Óákveðna fornafnið *hver* eða *hvor* (eftir fjölda „þátttakenda“) tekur form sitt hins vegar af því sem vísað er til en lagar sig þó í raun ekki að frumlagi setningarinnar. Þannig er *þeir* kk.ft. en *hver/hvor* eru kk.et. af því að verið er að tala um aðilana hvern fyrir sig. Á sama hátt er *þau* hk.ft. en *hvert/hvort* hk.et. Hér er því margs að gæta og líklega ekki alveg einfalt að ná tókum á þessu á máltökuskeiði. Þar við bætist svo að uppi eru tveir kostir varðandi orðaröð, eins og fram kemur, og verður ekki séð að merkingarmunur sé á þeim. Hins vegar virðist vera býsna skýr munur á gerðunum að því er varðar möguleika á því — eða kröfu um það — að hafa greini með á nafnorðinu sem táknar það sem var til skiptanna: Það virðist ótækt að hafa nafnorðið greinislaust í fyrri gerðinni (þ.e. (2-169a,c)) en í síðari gerðinni (þ.e. (2-169b,d)) fer jafnvel betur að hafa engan greini. Hér er þó ólíklegt að allir hafi sömu tilfinningu fyrir mun þessara gerða því margir virðast hætta að nota þetta orðasamband og segja í staðinn eitthvað þessu líkt:

- (2-171) Þeir fengu **sithvort** eplið og **sithvora** bókina.
 Hér virðist vera búið að búa til nýtt óákveðið fornafn, *sithvor* (stundum líka *sínhor*) og það lagar sig í kyni, tölu og falli aðeins að því nafnorði sem það stendur með. Þessi málnotkun hefur til skamms tíma ekki þótt til fyrirmyndar og kennarar hafa reynt eftir megni að kenna notkun dreififornafnsins. Ekki hefur verið kannað hvern árangur það hefur borið.

Annað fornafnasamband með *hver/hvor* sem hefur mjög sérstakt notkunarsvið er sambandið *hver/hvor annan*. Þetta samband er reyndar stundum talið sérstakur undirflokkur fornafna,

gagnverkandi fornafn (e. *reciprocal pronoun*), og má vel réttlæta það með setningafræðilegum rökum eins og nú skal sýnt. Lítum fyrst á nokkur dæmi:

- (2-172) a. Strákarnir aðstoðuðu **hver/hvor annan**.
 b. Stelpurnar hjálpuðu **hver/hvor annarri**.
 c. Börnin sendu bréf **hvert/hvort til annars**.
 d. Við aðstoðuðum **hver/hvor annan** eða **hver/hvor aðra** eða **hvert/hvort annað**.
 e. Þið hjálpuðuð **hver/hvor öðrum** eða **hver/hvor annarri** eða **hvert/hvort öðru**.

Í þessum dæmum er samræmið í raun svipað og í dæmunum með *sinn ... hvor* hér á undan: Kyn og tala á *hver/hvor* fer eftir kyni og tölu frumlagsins sem vísað er til (eða réttara sagt kyni og tölu þess sem frumlagið á við) og þá geta möguleikarnir orðið býsna margir eins og sýnt er í (2-172). Þeir eru þó hvergi nærri tæmdir þar. Berum (2-173a,b) saman til dæmis (en fyrra dæmið er eins og (2-172a)):

- (2-173) a. Strákarnir aðstoðuðu **hver/hvor annan**.
 b. Strákarnir aðstoðuðu **hverjir/hvorir aðra**.

Hér er greinilegur merkingarmunur, nefnilega á þá leið að síðari setningin gefur í skyn að tveir eða fleiri strákar hafi saman hjálpað tveim eða fleiri öðrum strákum og gagnkvæmt. Í fyrra dæminu gæti aftur á móti einn hafa verið að hjálpa einum í hverju tilviki. Samsvarandi merkingarmunur væri á (2-172b) og *Stelpurnar hjálpuðu hverjar/hvorar öðrum*.

Tala og kyn síðari hlutans, þ.e. *annan/annarri/annars ...* samsvarar tölu og kyni fyrri hlutans, þ.e. *hver/hvor/hvert/hvort ...* Fall síðari hlutans ræðst hins vegar af því hver fallstjórnandinn er og hvaða falli hann stjórnar, sbr. að sögnin *aðstoða* stýrir þolfalli (*annan, aðra, annað ...*), *hjálpa* stýrir þágufalli (*annarri, öðru, öðrum ...*), og forsetningin *til* stýrir eignarfalli (*annars ...*). Fallið á fyrri hlutanum er hins vegar í samræmi við fall frumlags setningarinnar (þ.e. nefnifall hér).

Kannski hefur lesandinn misst þráðinn í þessari lýsingu. Svipað hefur greinilega gerst í máli margra þegar þeir hafa verið að tileinka sér notkun þessa fornafns. Mjög margir láta fyrri og seinni hlutann nefnilega standa í sama falli, þ.e. andlagsfalli viðkomandi fallstjórnanda. Sé fallstjórnandinn forsetning (sbr. (2-172c)) færirst fyrri hlutinn um leið aftur fyrir hana:

- (2-174) a. Strákarnir aðstoðuðu **hvern/hvorn**(þf.) **annan**(þf.).
 b. Stelpurnar hjálpuðu **hverri/hvorri**(þgf.) **annarri**(þgf.).
 c. Börnin sendu bréf til **hvers/hvors**(ef.) **annars**(ef.).

Áður en skilist er við þetta merkilega fornafnasamband er vert að benda á að það hefur svipuð einkenni og (samsett) afturbeygt fornafn með tilliti til vísunar: Það getur ekki vísað út úr aukasetningu til undanfara utan hennar:


- (2-175) *Strákarnir_i segja [að þú verðir að hjálpa hver/hvor öðrum_i]

Við komum nánar að atriðum af þessu tagi í kafla 13.3.

Svipuð þróun og nú er að gerast í gagnverkandi fornafninu í íslensku hefur gerst í öðrum norrænum málum og er sums staðar komin lengra, ef svo má segja. Í dönsku eru hlutarnir tveir t.d. runnir saman í eitt orð, *hinanden*:

(i) Pigerne hjalp **hinanden**.

Í ensku má reyndar greina tvenns konar notkun sem minnir að hluta til á þau tvö afbrigði sem hér var lýst



fyrir íslensku:

(ii) a. The men **each** helped **the other**.

a. The women **each** sent letters to **the other**.

c. The men helped **each other**.

d. The women sent letters to **each other**. [Sáth betur]

Hér er *each ... the other* ennþá greint í sundur en *each other* er að renna saman í eitt — og það er hið venjulega gagnvirka fornafn í ensku.

Lítum næst á hið sérkennilega fornafn *hver tveggja*. Beyging þess er með ýmsu móti og ritháttur sömuleiðis. Stundum er fyrri hlutinn beygður eins og óákveðna fornafnið (eða spurnarfornafnið) *hver* og seinni hlutinn látinn óbeygður:

(2-176)	kk.	kvk.	hk.
nf.et.	hver tveggja	hver tveggja	hvort tveggja
þf. -	hvorn tveggja	hver tveggja	hvort tveggja
þgf. -	hvorum tveggja	hvorri tveggja	hvoru tveggja
ef. -	hvors tveggja	hvorrar tveggja	hvors tveggja
nf.ft.	hvorir tveggja	hvorar tveggja	hvor tveggja
þf. -	hvora tveggja	hvorar tveggja	hvor tveggja
þgf. -	hvorum tveggja	hvorum tveggja	hvorum tveggja
ef. -	hvorra tveggja	hvorra tveggja	hvorra tveggja

Þetta er trúlega hin upphaflega beyging þar sem hlutinn *tveggja* er eignarfall fleirtölu sem stýrist af fyrri hlutanum *hver*. Hin upphaflega merking er þá 'hver (sem er) af tveimur'. Þrátt fyrir þetta

eru liðirnir stundum skrifaðir í einu lagi þótt sá fyrri sé beygður, þ.e. ritað er *hvortveggja*, *hvortveggja*, *hvorumtveggja*, *hvorirtveggja*, *hvorartveggja* o.s.frv. Ástæðan er væntanlega sú að frá setningarlegu sjónarmiði hegðar fornafnid *hvor tveggja* (eða *hvortveggja*) sér gjarna eins og ein heild og öðru vísi en orðasamband, eins og nánar verður skýrt hér á eftir.

Í öðru lagi er til að síðari hluti þessa fornafns sé einnig beygður, og þá eins og veikt lýsingarorð, og fyrri hlutinn eins og áður er lýst:

(2-176)'	kk.	kvk.	hk.
nf.et.	hvor tveggi	hvor tveggja	hvort tveggja
þf. -	hvorn tveggja	hvor tveggju	hvort tveggja
þgf. -	hvorum tveggja	hvorri tveggju	hvoru tveggja
ef. -	hvors tveggja	hvorrar tveggju	hvors tveggja
nf.ft.	hvorir tveggju	hvorar tveggju	hvor tveggju
þf. -	hvora tveggju	hvorar tveggju	hvor tveggju
þgf. -	hvorum tveggju	hvorum tveggju	hvorum tveggju
ef. -	hvorra tveggju	hvorra tveggju	hvorra tveggju

Í þessu tilviki er einnig til að hlutarnir séu ritaðir í einu lagi þótt báðir séu beygðir: *hvortveggi* (bíllinn), *hvoratveggju* (bókina), *hvortveggja* (blaðið), o.s.frv.

Loks er til að orðið sé haft alveg óbeygt og þá sagt og ritað *hvortveggja* (eða *hvorutveggja*) hvert sem fallið er á orðinu sem fornafnid stendur með eða á við: *Ég þekki hvor tveggja manninn* (kk.þf.et.), *Það stóðu verðir í hvor tveggja dyrunum* (kvk.þgf.ft.), *Hvor tveggja skærin* (hk.nf.ft.) *eru bitlaus*.

Þótt upprunaleg merking þessa fornafns sé nokkuð ljós, hefur notkun þess þróast á býsna sérstakan hátt og vefst fyrir ýmsum. Þess vegna þykir rétt að fara nokkrum orðum um hana hér.

Ef hin upprunaleg merking *hvor tveggja* er 'hvor (sem er) af tveimur' er eðlilegt að stundum megi eins nota fornafnid *báðir* án þess að merkingarmunur sé verulegur:

(2-176)'' **Hvor**(kk.nf.et.) **tveggja** maðurinn(kk.nf.et.) er þýskur.
Báðir(kk.nf.ft.) mennirnir(kk.nf.ft.) eru þýskir.

Hér er merkingin mjög svipuð en form setninganna er að sumu leyti ólíkt. Hér er þó fyrst vert að benda á að *hvor* lagar sig að nafnorðinu sem það stendur með, þegar það er notað hliðstætt eins og hér, og viðkomandi nafnorð stendur þá með greini. Sama á við um *báðir* eins og dæmið sýnir. — Í öðru lagi er rétt að vekja athygli á því að nota má *hvor tveggja* hliðstætt sem heild, þ.e. *tveggja* er í þessu dæmi ekki látið standa sem ákvæðisorð með eftirfarandi nafnorði í sama falli, eignarfalli. Þá væri formid *hvor tveggja mannanna* (sbr. *hvor mannanna tveggja*, *hvor þeirra tveggja*, *hvor tveggja þeirra*).

Líkt og mörg óákveðin fornöfn getur *hvor tveggja* ýmist staðið hliðstætt eða sérstætt. Þegar það er sérstætt getur það líka haft svipaða merkingu og *báðir*:

(2-176)''' *Ég hitti tvær konur og þekkti hvora tveggja*
Ég hitti tvær konur og þekkti báðar.

Hins vegar er ekki alltaf hægt að skipta á þessum fornöfnum og kemur þar tvennt til. Í fyrsta lagi er *báðir* fleirtöluorð og því er ekki hægt að nota það þegar í hlut eiga orð sem ekki eru notuð

í fleirtölu, svo sem ýmis efnisheiti og hugtakaheiti:

(2-176)'''' Ég ætla að fá kaffi og te, einn pakka af **hvoru tveggja/*báðu**.

Orðin *kaffi* og *te* eru ekki höfð í fleirtölu og því er ekki hægt að nota *báðir* hér. — Í öðru lagi er *báðir* ónothæft með orðum sem aðeins eru til í fleirtölu eða eingöngu notuð í fleirtölu í tilteknu samhengi:

- (2-176)'''' a. Jón Arnar fékk **hvor tveggja/*bæði** verðlaunin.
 b. Englendingar og Þjóðverjar keppa á morgun og talsverð forföll eru hjá **hvorum tveggja /*báðum**.

Orðið *verðlaun* er fleirtöluorð og því er ekki hægt að nota *bæði* í fyrra dæminu. Í síðara dæminu er verið að tala um lið Englendinga (í fleirtölu) og lið Þjóðverja (í fleirtölu) og ekki er hægt að vísa til þessara hópa með orðinu *báðir*. Hins vegar væri hægt að segja *hjá báðum þjóðum*

Lítum loks á *neinn*. Notkunarsvið þess er nokkuð sérstakt og stundum kemur fram hárfínn merkingar- og notkunarmunur á því og óákveðnu fornöfnunum *einhvern*, *nokkur* og *enginn*. Berum fyrst saman eftirfarandi dæmi:

- (2-178) a. Átt þú **einhverja** bók eftir Laxness?
 b. Átt þú **nokkra** bók eftir Laxness?
 c. Átt þú **engra** bók eftir Laxness?
 d. *Átt þú **neina** bók eftir Laxness?

Í fyrsta lagi er blæbrigðamunur á (2-178a,b) — sú síðari væri frekar notuð ef gert væri ráð fyrir að viðkomandi ætti enga bók eftir Laxness. Þriðja setningin, (2-178c), væri líklega helst notuð til þess að fá staðfestingu á því að viðkomandi ætti enga bók eftir Laxness, svoltið svipað og *Ég hef heyrt að þú eigir enga bók eftir Laxness. Er það rétt?* Loks er ljóst að (2-178d) er alveg ótæk — það er sem sé ekki hægt að nota *neinn* í setningum af þessu tagi. Á undan því verður að fara eitthvert neitandi orð. Slík orð útiloka þó ekki hin fornöfnin en merkingarmunurinn er aftur athyglisverður:

- (2-179) a. Hann hefur ekki keypt **einhverja** bók eftir Laxness.
 b. Hann hefur ekki keypt **nokkra** bók eftir Laxness.
 c. Hann hefur ekki keypt **engra** bók eftir Laxness.
 d. Hann hefur ekki keypt **neina** bók eftir Laxness.

Hér merkir fyrsta setningin einfaldlega 'Því er ekki þannig farið að hann hafi keypt einhverja bók eftir Laxness', þá næstu má m.a. umorða sem 'Hann hefur ekki keypt eina einustu bók eftir Laxness', sú þriðja er neitun á þeirri staðhæfingu að viðkomandi hafi keypt enga bók eftir Laxness en (2-179d) merkir svipað og 'Hann hefur enga Laxnessbók keypt'. Orð eins og *neinn* má kalla **neikvæðisorð** (e. *negative polarity items*) og um þau verður nánar fjallað í kafla 9.3.

Loks má bæta því við að ýmis fleiri orð en þau sem talin voru í upphafi þessa undirkafla minna talsvert á óákveðin fornöfn, t.d. orðin *sami* („sterka“ formið *samur* hefur nokkuð annað notkunarsvið og minnir meira á lýsingarorð: *Hann varð ekki samur maður eftir*), *sjálfur*, *slíkur*, *þvílíkur* og jafnvel fleiri. Hér verður ekki fjallað um setningarleg einkenni þessara orða í smáatriðum. Af því að *sjálfur* hefur þó komið við sögu hér á undan í umræðu um afturbeygð

fornöfn er rétt að líta aðeins á það. Auk þeirrar notkunar sem þar var gerð grein fyrir hefur *sjálfur* oft nokkurs konar áherslumerkingu og getur þá staðið á fleiri en einum stað í setningunni:

- (2-180) a. Birgir **sjálfur** var ekki við.
 b. Birgir var **sjálfur** ekki við.
 c. Birgir var ekki **sjálfur** við.
 d. Birgir var ekki við **sjálfur**.

Hér virðist ekki vera glöggur merkingarmunur á setningunum, nema þá helst að fyrsta setningin skeri sig aðeins úr. Orðið *sjálfur* lagar sig í kyni, tölu og falli að því nafnorði sem það á við og ef orðið er ekki sérnafn getur það jafnvel farið á undan því:

- (2-181) a. Ég hitti **sjálfan** ráðherrann.
 b. Ég hitti ráðherrann **sjálfan**.

Í orðabókum er orðið *sjálfur* gjarna talið \$\$[ath. hvað] og hin orðin eru greind á ýmsan hátt, enda eru orðflokkeinkenni þeirra ekki mjög skýr. Þau stigbeygjast ekki eins og (flest) lýsingarorð gera og minna að því leyti fremur á óákveðin fornöfn en lýsingarorð. Merkingin virðist ekki heldur vera lýsingarorðsleg, ef svo má segja, en þau hafa þó ekki þessa magnmerkingu sem flest þau orð hafa sem oftast eru talin til óákveðinna fornafna og þau geta ekki farið á undan ábendingarfornöfnum í ákvæðisorðaröð. Hér vaknar þá sú spurning hvort þessi orð eigi nægilega mikið sameiginlegt með óákveðnum fornöfnum til þess að flokkast með þeim. Kannski er skilgreining okkar á óákveðnum fornöfnum líka ófullkomin.

2.4.7. Tilvísunarfornöfn

Eins og nefnt var í upphafi þessa kafla eru yfirleitt ekki notuð **tilvísunarfornöfn** í íslensku nútímamáli heldur tilvísunartengingarnar *sem* og *er*. Þótt orðin *sem* og *er* séu stundum talin til tilvísunarfornafna í íslenskum málfræðibókum er þó næsta augljóst að þau hafa engin fornafnseinkenni:

- (2-182) a. Þau beygjast ekki í kyni, tölu eða falli eins og fornöfn gera yfirleitt.
 b. Þau geta ekki verið hliðstæð eins og mörg fornöfn geta.
 c. Þau geta ekki tekið með sér eignarfall eins og mörg sérstæð fornöfn geta.
 d. Þau geta ekki staðið sem eignarfallseinkunn eins og mörg sérstæð fornöfn geta.
 e. Þau geta ekki staðið á eftir forsetningum eins og öll fallorð geta.

Fyrsta atriðið á þessum lista er alveg skýrt og óumdeilt: *sem* og *er* taka alls engum formbreytingum. Annað atriðið er líka alveg skýrt og greinir *sem* og *er* t.d. frá óbeygjanlega spurnarforfninu *hvaða*, sbr. *hvaða maður kom?*, **sem maður kom*. Með þriðja atriðinu er átt við það að *sem* og *er* geta ekki tekið með sér neins konar eignarfall eins og mörg sérstæð fornöfn geta þó, sbr. *hver ykkar gerði þetta?* **sem ykkar gerði þetta*. Fjórða atriðið réttlætir skýringardæmi af því að það er býsna mikilvægt, m.a. í samanburði við spurnarforöfn eins og *hver* í (2-183b):

- (2-183) a. *Þetta er maðurinn **sem/er** bíl ég keypti.

b. Hann spurði **hvers** bíl þú hefðir keypt.

Hér er (2-183a) hefur verið reynt að nota tilvísunartengingarnar *sem* og *er* sem eignarfallseinkunnir og það er greinilega alveg ótækt, en samsvarandi setningagerð er fín þegar spurnarfornafnið *hver* á í hlut eins og sjá má í (2-183b).

Fimmta atriðið er líka mjög skýrt og í því efni er t.d. fróðlegt að bera þessi orð saman við óbeygjanlega spurnarfornafnið *hvaða*:

(2-184) a. *Þetta er konan hjá **sem/er** hann bjó.

b. Ég veit ekki hjá **hvaða** konu hann bjó.

Hér ber því allt að sama brunni: Tilvísunarorðin *sem* og *er* hafa engin einkenni fornafna. Tilvísunarsetningar hafa hins vegar svipað einkenni og ýmsar aðrar setningar, t.d. spurnarsetningar, að í þeim er gjarna sýnileg eyða og hún samsvarar orðinu sem tilvísunarsetningin stendur með (eyður eru hér sýndar með __ líkt og áður):

(2-185) a. Þetta er strákurinn sem hún saknar __ mest. (sbr. *Hún saknar **stráksins** mest*)

b. Þetta er konan sem hann bjó hjá __ (sbr. *Hann bjó hjá **konunni***)

Eins og nefnt var í upphafi kaflans um fornöfn er tilvísunarforafnið *hver* stundum notað í íslensku ritmáli, einkum ritmáli fyrri alda. Ólíkt tilvísunarorðunum *sem* og *er* hefur þetta tilvísunarorð mörg dæmigerð einkenni fallorða: það beygist (í falli, kyni og tölu), það getur staðið sem eignarfallseinkunn, það getur farið á eftir forsetningu:


(2-186) a. Þetta er strákurinn **hvers** (ef.) hún saknar mest.

b. Þetta er konan **hverri** hann bjó hjá.

c. Þetta er maðurinn **hvers** bíl ég keypti.

d. Þetta er konan hjá **hverri** hann bjó.

Þetta tilvísunarorð er trúlega aldrei notað í talmáli og notkun þess í ritmáli þykir tilgerðarleg.



Í sumum nágrannamálum okkar eru notuð tilvísunarfornöfn en í öðrum tilvísunartengingar. Tilvísunarfornöfnin hafa þá einkenni sem eru sambærileg við einkenni íslenska tilvísunarfornafnsins *hver* en tilvísunartengingarnar hegða sér eins og íslensku tilvísunartengingarnar *sem* og *er*. Í norrænu málunum eru tíðast notaðar tilvísunartengingar, sbr. *som* í dönsku, en þó er þar til í dæminu að nota tilvísunarfornöfn þegar á þarf að halda, sbr. *hvem, hvis, hvilken* í dönsku; í þýsku eru notuð tilvísunarfornöfn; í ensku eru bæði til tilvísunarfornöfnin *who, which* og tilvísunartengingin *that*. Einkennin eru skýr eins og sjá má í eftirfarandi dæmum:

(i) Eignarfallseinkunn:

*Dette er manden **som(s)** bil jeg købte. (tilvísunartenging)

Dette er manden **hvis** bil jeg købte. (tilvísunarfornafn)

Das ist der Mann **dessen** Auto ich gekauft habe. (tilvísunarfornafn)

*This is the man **that(s)** car I bought. (tilvísunartenging)

This is the man **whose** car I bought. (tilvísunarfornafn)

(ii) Andlag forsetningar:

*Dette er konen hos **som** han boede. (tilvísunartenging)

Dette er konen med **hvem** han boede. (tilvísunarfornafn)

Das ist die Frau bei **der** er gewohnt hat. (tilvísunarfornafn)

*This is the woman with **that** he stayed. (tilvísunartenging)

This is the woman with **whom** he stayed. (tilvísunarfornafn)

Samanburður af þessu tagi ætti að vera upplýsandi fyrir tungumálanema.

2.4.8 Yfirlit yfir setningarleg einkenni fornafna

Fornöfn eru mjög margbreytilegur flokkur og setningarleg einkenni þeirra eru nokkuð mismunandi. Nokkur atriði eru þó öllum (eða flestum) fornöfnum sameiginleg:

- (2-187) a. Fornöfn eru fallorð. Þau beygjast því í föllum og tölum. Auk þess taka flest þeirra kynbeygingu.
- a. Fornöfn eru lokaður orðflokkur.
 - b. Sérstæð fornöfn gegna hlutverki höfuðs (aðalorðs) í nafnliðum.
 - c. Hliðstæð fornöfn gegna hlutverki ákvæðisorða með nafnorðum í nafnliðum.

Nú verða rifjuð upp helstu setningarleg einkenni einstakra flokka fornafna.

(2-188) Persónufornöfn

- b. Persónufornöfn beygjast í persónum (þ.e. það eru til ólík form persónufornafna fyrir þrjár persónur).
- c. Fornafn þriðju persónu beygist í kynjum.
- d. Persónufornöfn eru jafnan sérstæð.
- e. Persónufornöfn geta yfirleitt ekki verið samvísandi við frumlag í sömu setningu.
- f. Persónufornöfn þurfa ekki mállegan undanfara, þ.e. það má oft ráða vísun þeirra af samhengi eða aðstæðum.

(2-189) Afturbeygð fornöfn

- a. Í íslensku eru aðeins til sérstök afturbeygð fornöfn fyrir þriðju persónu.
- b. Í íslensku er til afturbeygt persónufornafn (*sig*) og afturbeygt eignarfornafn (*sinn*).
- c. Afturbeygt persónufornafn er alltaf sérstætt. Ekki er til sérstakt nefnifallsform af því og sama form er notað í eintölu og fleirtölu.
- d. Afturbeygt eignarfornafn getur verið hliðstætt eða sérstætt. Það beygist í kyni, tölu og falli og lagar sig að orðinu sem það stendur með eða á við.
- e. Samsett afturbeygt fornafn (*sjálfan sig*, *sjálfa sig*, *sjálft sig* ...) getur ekki átt við undanfara utan þeirrar (smæstu) setningar sem það stendur í.
- f. Ósamsett afturbeygt fornafn (þar með talið afturbeygt eignarfornafn) getur staðið í aukasetningu af tiltekinni gerð (t.d. fallsetningu með persónubeygðri sögn í viðtengingarhætti) og vísað til undanfara utan hennar.
- g. Afturbeygð fornöfn krefjast mállegs undanfara. Ekki er hægt að ráða vísun þeirra af samhengi eða aðstæðum eingöngu.
- h. Samsett afturbeygt fornafn er ekki hægt að nota með sögnum sem krefjast afturbeygðs fornafns (sögnum sem eru „skyldubundið afturbeygðar“).

(2-190) Spurnarfornöfn

- b. Flest spurnarfornöfn beygjast í kyni, tölu og falli. Spurnarfornafnið *hvaða* er þó óbeygjanlegt.
- c. Spurnarfornöfn standa oftast fremst í setningu, annaðhvort aðalsetningu eða spurnaraukasetningu, óháð setningarlegu hlutverki sínu (frumlag, andlag,

- andlag forsetningar ...).
- d. Flest spurnarfornöfn geta ýmist verið hliðstæð eða sérstæð.
Spurnarfornafnið *hvaða* er þó jafnan hliðstætt.

(2-191) Eignarfornöfn

- a. Eignarfornöfn beygjast í kyni, tölu og falli.
- b. Eignarfornöfn eru oftast hliðstæð.
- c. Hlið stæð eignarfornöfn fara oftast á eftir nafnorðinu sem þau eiga við, nema lögð sé sérstök áhersla á þau.
- d. Fari hliðstætt eignarfornafn á eftir nafnorði, er nafnorðið oftast með greini (*billinn minn*). Nafnorð af ákveðnum merkingarflokkum, t.d. sum skyldleikaorð, eru þó undantekning frá þessu (*móðir mín*). Fari hliðstætt eignarfornafn á undan nafnorði er nafnorðið oftast án greinis (*þinn bill*).
- e. Þegar vísað er til eiganda fyrstu persónu fleirtölu eða annarrar persónu fleirtölu er notað eignarfall samsvarandi persónufornafns (*okkar, ykkar*) en ekki eignarfornafn.
- f. Eignarfornafn þriðju persónu, *sinn*, lýtur sömu notkunarreglum og (önnur) afturbeygð fornöfn. Þegar ekki er hægt að uppfylla þær reglur er notað eignarfall hlutaðeigandi persónufornafns (*hans, hennar, þess*).

(2-192) Ábendingarfornöfn

- b. Ábendingarfornöfn beygjast í kyni, tölu og falli. Beyging þeirra er þó mjög óregluleg.
- c. Ábendingarfornöfn eru mjög oft hliðstæð. Í ákvæðisorðarunu með nafnorðum fara þau á undan lýsingarorðum (*þessi góða súpa*).

(2-193) Óákveðin fornöfn

- a. Óákveðin fornöfn beygjast í kyni, tölu og falli.
- b. Flokkur óákveðinna fornafna er rýmri inngöngu en aðrir fornafnaflokkar, en sameiginleg einkenni. Mörg óákveðin fornöfn hafa þó merkingarleg einkenni kvantara (sbr. *allir, enginn, eihverjir, sumir...*).
- c. Flest óákveðin fornöfn geta ýmist verið hliðstæð eða sérstæð.
- d. Hliðstæð óákveðin fornöfn skipa sér gjarna framarlega í ákvæðisorðaröð nafnorða (sbr. *allir(ófn.) þessir(áfn.) gulu(lo.) blettir*).
- e. Mörgum óákveðnum fornöfnum er eðlilegt að vera sérstæð og taka með sér eignarfall (t.d. hlutaeignarfall) af nafnorðum (sbr. *sumar stúlkanna*(ef.ft.)).
- f. Sum óákveðin fornöfn hafa (eða hafa a.m.k. haft) mismunandi form í hvorugkyni eintölu eftir því hvort þau standa hliðstætt eða sérstætt (sbr. *eitthvert* (hliðstætt) *lag, eitthvað* (sérstætt)).
- g. Fornafnasambandið *hvor annan* lýtur sérstökum reglum um tilvísun, sem minna á þær reglur sem gilda um (samsett) afturbeygð fornöfn, og er því stundum talið sérstakur undirflokkur fornafna, þ.e. **gagnverkandi fornafn**.

(2-194) Tilvísunarfornöfn

- b. Fornafnið *hver* kemur fyrir sem tilvísunarfornafn í ritmáli, einkum á miðöldum. Það er ekki notað í talmáli.
- c. Í talmáli og í venjulegu ritmáli eru notaðar tilvísunartengingar *sem og er* í íslensku en ekki tilvísunarfornöfn. Þær beygjast ekki fremur en aðrar samtengingar og þær hafa ekki heldur nein setningarleg einkenni fallorða.

2.5 Greinir

Í íslenskum málfræðibókum er gjarna sagt sem svo að til sé einn **greinir**, þ.e. ákveðni greinirinn *hinn*, og hann standi ýmist á undan lýsingarorði eða honum sé **skeytt aftan við nafnorð**. Í þessari lýsingu felast reyndar strax tvö megineinkenni íslenska greinisins, nefnilega þessi:

- (2-195) a. Laus ákveðinn greinir stendur á undan lýsingarorðum í nafnliðum (þar sem hugtakið **nafnliður** er notað um nafnorð og öll ákvæðisorð þeirra).
 b. Ákveðnum greini má skeyta við nafnorð.

Eins og nánar kemur fram hér á eftir ber að túlka þetta svo að lausa ákveðna greininn í íslensku megi aðeins nota á undan lýsingarorðum, en viðskeytta greininn má hins vegar nota hvort sem lýsingarorð er nærri eða ekki.

Nú er það reyndar ekki bókstaflega þannig að orðinu *hinn* sé skeytt í heilu lagi aftan við nafnorð, eins og kunnugt er. Þetta má rifja upp með því að skoða beygingu lausa og viðskeytta greinisins eins og hún er sýnd hér (hér er feitletraður sá hluti lausa greinisins sem fellur niður í viðskeytingunni). Eins og beygingardæmin gefa vísbendingu um lagar greinirinn sig í kyni, tölu og falli að nafnorðinu sem hann á við, líkt og almennt gildir um ákvæðisorð nafnorða í íslensku, og þess vegna er hann jafnan talinn til fallorða:

(2-196)	karlkyn		kvenkyn		hvorugkyn	
	laus viðskeyttur		laus viðskeyttur		laus viðskeyttur	
nf.et.	hinn	hestur-inn	hin	bók-in	hið	borð-ið
þf. -	hinn	hest-inn	hina	bók-ina	hið	borð-ið
þgf. -	hinum	hesti-num	hinni	bók-inni	hinu	borði-nu
ef. -	hinshests-	hinnar	bókar-innar	hinsborðs-	ins	
nf.ft.	hinir	hestar-nir	hinar	bækur-nar	hin	borð-in
þf. -	hina	hesta-na	hinar	bækur-nar	hin	borð-in
þgf. -	hinum	hestu-num	hinum	bóku-num	hinum	borðu-num
ef. -	hinna	hesta-nna	hinna	bóka-nna	hinna	borða-nna

Eins og hér sést fellur *h-ið* alltaf framan af greininum þegar hann er viðskeyttur og sömuleiðis stofnsérhljóð hans, *-i-*, ef beygingarmynd nafnorðsins endar á sérhljóði.¹ Auk þess fellur þetta *-i-* brott í nf. og þf.ft. í karlkyni og kvenkyni (*hestar+hinir ÷ hestar-nir*, *bækur+hinar ÷ bækur-nar* o.s.frv.).

Ef menn bera beygingardæmin í (2-196) saman við beygingardæmin í (2-148) má sjá að lausi greinirinn er alveg samhljóða ábendingarfornafninu *hinn* nema í nf. og þf.et. í hvorugkyni. Þetta sést vel í þessum dæmum:

- (2-197) a. **Hið** langa kvæði var frekar leiðinlegt. (*hið* = greinir)
 b. **Hitt** langa kvæðið var frekar leiðinlegt. (*hitt* = ábendingarfornafn)

¹Auðvitað er ekki hægt að sjá beint hvort endasérhljóð nafnorðsins fellur brott eða stofnsérhljóð greinisins í dæmum eins og þgf.et. *hesti+hinum* eða *borði+hinu*. Hér er þó gert ráð fyrir því að það sé sérhljóð greinisins þar sem það er í samræmi við aðrar fallmyndir þar sem nafnorðið endar á sérhljóði sem heldur sér í viðskeytingunni, sbr. t.d. þf.ft. *hesta+hina ÷ hesta-nna*, ef.ft. *hesta+hinna ÷ hesta-nna* o.fl.

Í (2-197) koma líka fram tvö mikilvæg einkenni íslenska greinisins. Í fyrsta lagi sýnir (2-197a) að notuð er veik beyging lýsingarorðs þegar lausi greinirinn fer á undan því og það er reyndar algjörlega ótækt að nota sterku beyginguna í slíkum tilvikum:

(2-198) *Hið langt kvæði var frekar leiðinlegt.

Eins og rakið er í kaflanum um lýsingarorð er stundum hægt að hafa sterkt beygð lýsingarorð á undan nafnorðum með viðskeyttum greini og þá hefur lýsingarorðið ekki afmarkandi merkingu. Þess vegna eru dæmi eins og (2-199a) alveg eðlileg en (2-199b) er hljómar svolítið einkennilega af því að afmarkandi merking liggur beinast við þegar um er að ræða þessa formgerð en maðurinn sem í hlut á hefur varla haft nema eitt nef. Hins vegar er (2-199c) er alveg ótækt og ekkert nema veik beyging lýsingarorðs kemur til greina þegar laus greinir er notaður, þ.e. (2-199d). Í slíkum tilvikum hefur lýsingarorðið hins vegar ekki afmarkandi merkingu — það er ekki verið að gefa í skyn að maðurinn hafi haft einhver fleiri nef en þetta rauða:

- (2-199) a. Rautt nefið glóði í kvöldsólinni.
 b. ?Rauða nefið glóði í kvöldsólinni.
 c. *Hið rautt nef glóði í kvöldsólinni.
 d. Hið rauða nef glóði í kvöldsólinni.


Í öðru lagi er vert að taka eftir því að ábendingarfornafnið *hinn* kallar á viðskeyttan greini á eftirfarandi nafnorði, eins og fram kemur í (2-197b), og honum má ekki sleppa:

- (2-200) a. *Hitt langa kvæði var frekar leiðinlegt.
 b. Hin *kona/konan er frá Akureyri.

Að þessu leyti er ábendingarfornafnið öðruvísi en lausi greinirinn því að í íslensku gengur ekki að hafa bæði lausan og viðskeyttan greini í einu:

(2-201) *Hið langa kvæðið var frekar leiðinlegt.

Þetta má skoða sem setningafræðileg rök fyrir því að greina á milli ábendingarfornafna og ákveðins greinis í íslensku.



Nágrannamálin eru býsna ólík íslensku að því er gerðir greinis og notkun varðar. Í fyrsta lagi er **óákveðinn greinir** í öllum nágrannamálum okkar, eins og flestir munu kannast við. Þar sem íslenska notar „strípað“ nafnorð, ef svo má segja, nota nágrannamálin

nafnorð með óákveðnum greini. Þetta er sýnt í (i):

(i)	íslenska	danska	enska	franska	þýska
	barn et barn	a child	un enfant	ein Kind	

Í öðru lagi eru það aðeins norrænu nágrannamálin sem hafa viðskeyttan ákveðinn greini. Öll hin hafa aðeins lausan ákveðinn greini:

(ii)	íslenska	danska	enska	franska	þýska
	barn- ið	barn- et	the child	l'enfant	das Kind

Í þriðja lagi eru norrænu málin ólík innbyrðis með tilliti til notkunar lausa greinisins. Þar líkist danska íslensku að því leyti að lausi greinirinn útilokar þann viðskeytta en því er ekki þannig farið um hin málin. Þar er eðlilegt að nota bæði lausan og viðskeyttan greini saman („tvöföld ákveðni“ eins og það er stundum kallað):

(iii)	íslenska	danska	færeyska	norska	sænska
	hið stóra hús	det store hus	tað stóra hús ið	det store huset	det stora huset

Danska er aftur á móti ólík íslensku að því leyti að þar **verður** að nota lausa ákveðna greininn með lýsingarorðum, þ.e. (ivb) gengur ekki:

(iv) a.	det	store	hus
	hið	stóra	hús
b.	*store	huset	
	stóra	húsið	

Loks má nefna að norrænu málin eru öll eins að því leyti að í þeim gengur ekki að nota lausa greininn nema lýsingarorð fari á eftir, en því er ekki þannig farið um önnur nágrannamál eins og sést í (ii) hér á undan. Þetta merkir að eftirfarandi dæmi í íslensku er ótækt og hin norrænu dæmin eru líka ótæk nema ákvæðisorðin séu túlkuð sem ábendingarfornöfn (þar er lausi greinirinn nefnilega samhljóða ábendingarfornafninu ‘hinn’, eins og hann er í íslensku ef nf. og þf. í hvorugkyni er undanskilið, eins sjá má af samanburði beygingardæmanna í (2-148) og (2-196) hér á undan):

(v)	íslenska	danska	færeyska	norska	sænska
	*hið húsið	*det huset	*tað húsið	*det huset	*det huset

Eins og nafnið bendir til er ákveðni greinirinn notaður til að sýna að viðkomandi nafnliður sé „ákveðinn“ í einhverjum skilningi. Sú **ákveðni** sem hér skiptir máli verður nánar rædd í 12. kafla (einkum 12.2 og 12.4) og því er óþarft að gera nákvæma grein fyrir henni hér. Í stuttu máli má þó segja að hún tengist því hvort það sem er til umræðu er **þekkt** eða **óþekkt**. Það sem er þekkt í samræðum eða texta er einkum eftirfarandi:

- (2-202) a. Það sem þegar hefur verið rætt
 b. Það sem er innan sjónsviðs þeirra sem tala saman.

- c. Það sem þeir sem tala saman þekkja (án þess að það hafi verið rætt).

Þetta skýrist best af dæmum og við getum í fyrsta lagi borið saman setningar eins og þessar:

- (2-203) a. Ég fer í veislu á morgun.
b. Ég fer í veisluna á morgun.

Hér væri setning eins og (2-203b) ekki eðlileg nema einhver veisla hefði verið á dagskrá þannig að viðmælandi (eða lesandi) kannaðist við hana. — Í öðru lagi má líta á dæmi eins og þessi:

- (2-204) a. Hver á hund?
b. Hver á hundinn?

Hér gæti (2-204b) gengið ef tiltekinn hundur væri í sjónmáli, þótt í mörgum slíkum tilvikum gæti farið betur að nota ábendingarfornafn og segja *Hver á þennan hund?*, en þá er líka um að ræða ákveðinn nafnlið. — Í þriðja lagi er (2-205a) einkennileg setning við flestar aðstæður af því að við gerum yfirleitt ráð fyrir því að til sé bara eitt tungl:

- (2-205) a. \$Tungl er fullt í kvöld.
b. Tunglið er fullt í kvöld.

Allt þetta varðar hins vegar fremur merkingarlegt hlutverk greinis en setningarleg einkenni svo við skulum ekki halda lengra út á þessa braut að sinni.